

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR  
MILLI  
RÍKISSTJÓRNAR  
ALÞÝÐULÝÐVELDISINS KÍNA  
OG  
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

## EFNISYFIRLIT

Formálsorð

1. kafli : Almenn ákvæði
2. kafli: Vöruviðskipti
3. kafli: Upprunareglur
4. kafli: Reglur um tollmeðferð og um að greiða fyrir viðskiptum
5. kafli: Samkeppni
6. kafli: Hugverkaréttindi
7. kafli: Þjónustuviðskipti
8. kafli: Fjárfestingar
9. kafli: Samvinna
10. kafli: Stofnanaákvæði
11. kafli: Lausn deilumála
12. kafli: Lokaákvæði

## VIÐAUKAR

- I. viðauki: Tolláætlanir
- II. viðauki: Lögbær stjórnvöld og tengiliðir að því er varðar beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (SPS)
- III. viðauki: Lögbær stjórnvöld og tengiliðir að því er varðar tæknilegar viðskiptahindranir (TBT)
- IV. viðauki: Upprunareglur um framleiðsluvörur
- V. viðauki: Upprunavottorð
- VI. viðauki: Upprunayfirlýsing
- VII. viðauki: Skrár um sérstakar skuldbindingar í þjónustu
- VIII. viðauki: För einstaklinga sem veita þjónustu
- IX. viðauki: Starfsreglur gerðardóms

## Formálsorð

Ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Kína („Kína“) og ríkisstjórn Íslands („Ísland“) sem nefnast hér á eftir „samningsaðilarnir“,

SEM HAFA Í HUGA mikilvægi þeirra tengsla sem eru milli samningsaðilanna,

SEM ÆSKJA ÞESS að styrkja þessi tengsl með því að koma á fót fríverslunarsvæði og koma þannig á nánnum og varanlegum samskiptum,

SEM ERU SANNFÆRÐAR UM að fríverslunarsvæði muni skapa aukinn og öruggan markað fyrir vörur og þjónustu á yfirráðasvæðum þeirra og skapa stöðugt og áreiðanlegt fjárfestingarumhverfi og auka þannig samkeppnishæfni fyrirtækja sinna á heimsmörkuðum,

SEM ERU STAÐRÁÐNAR Í að stuðla að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum og hvetja til víðtækari alþjóðasamvinnu, einkum milli Evrópu og Asíu, með því að fjarlægja viðskiptahindranir með stofnun fríverslunarsvæðis,

SEM ERU SANNFÆRÐAR UM að samningur þessi muni skapa ákjósanleg skilyrði fyrir tengsl þeirra á sviði efnahagsmála, viðskipta og fjárfestinga,

SEM HAFA AÐ MARKMIÐI að skapa ný atvinnutækifæri og bæta lífskjör þjóða sinna með viðskiptum, fjárfestingum og samvinnu,

SEM BYGGJA Á réttindum sínum og skyldum samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og öðrum samningum sem eru gerðir á grundvelli hans (hér á eftir nefndur „samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina“) og öðrum marghliða og tvíhliða gerningum um samstarf sem þær eru báðar aðilar að, og

SEM HAFA Í HUGA að efnahagsleg og félagsleg þróun og umhverfisvernd eru samofnir þættir sjálfbærrar þróunar sem styðja hver annan og að nánari efnahagsleg samvinna getur átt mikilvægan þátt í að stuðla að sjálfbærri þróun,

HAFA ÁKVEÐIÐ eftirfarandi, í samræmi við markmið þessi:

## 1. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

### 1. gr.

#### *Stofnun fríverslunarsvæðis.*

Samningsaðilarnir stofna hér með fríverslunarsvæði í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“) og V. gr. hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (hér á eftir nefndur „GATS-samningurinn“).

### 2. gr.

#### *Markmið.*

1. Markmiðin með samningi þessum eru:
  - a) að stuðla að auknum og fjölbreyttari viðskiptum milli samningsaðilanna,
  - b) að ryðja viðskiptahindrunum úr vegi og auðvelda vöru- og þjónustuviðskipti yfir landamæri milli samningsaðila,
  - c) að stuðla að sanngjörnum samkeppnis skilyrðum á fríverslunarsvæðinu,
  - d) að öðlast betri skilning á opinberum innkaupum samningsaðilanna,
  - e) að tryggja næga og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda í samræmi við skyldur samningsaðilanna samkvæmt alþjóðasamningum um vernd hugverkaréttinda,
  - f) að móta skilvirkar reglur um framkvæmd og beitingu samnings þessa og sameiginlega stjórnun hans og lausn deilumála,
  - g) að skapa ramma um frekari tvíhliða, svæðisbundna og marghliða samvinnu til þess að hafa meiri og betri ávinning af þessum samningi.
2. Samningsaðilarnir skulu túlka og beita ákvæðum samnings þessa í ljósi markmiða hans, sem eru sett fram í 1. mgr., og í samræmi við viðteknar reglur um túlkun þjóðaréttar.

### 3. gr.

#### *Landfræðilegt gildissvið.*

1. Samningur þessi gildir um allt tollsvæði Kína.
2. Samningur þessi gildir um yfirráðasvæði Íslands.

3. Hvor samningsaðili er alfarið ábyrgur fyrir því að öll ákvæði samnings þessa séu virt og skal gera ráðstafanir við hæfi, sem hann getur gripið til, í því skyni að tryggja að sveitarstjórnir og stjórnvöld á yfirráðasvæði hans fari að þeim.

#### 4. gr.

##### *Tengsl við aðra samninga.*

1. Samningsaðilarnir staðfesta gildandi réttindi sín og skyldur hvors gagnvart öðrum samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina og öðrum samningum sem báðir samningsaðilar eiga aðild að.

2. Komi upp ósamræmi milli ákvæða samnings þessa og annarra samninga, er um getur í 1. mgr., skulu samningsaðilarnir hafa með sér samráð og finna lausn, sem báðir geta sætt sig við, í samræmi við hefðbundnar reglur um túlkun þjóðaréttar, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

## 2. KAFLI VÖRUVIÐSKIPTI

### 5. gr.

#### *Gildissvið.*

Þessi kafli gildir um vöruviðskipti milli samningsaðilanna, nema kveðið sé á um annað.

### 6. gr.

#### *Innlend meðferð.*

Hvor samningsaðili skal veita vörum hins samningsaðilans innlenda meðferð skv. III. gr. GATT-samningsins frá 1994, þ. á m. athugasemdir um túlkun sem honum fylgja, og í því skyni er GATT-samningurinn frá 1994, ásamt athugasemdum um túlkun hans, felldur inn í samning þennan og er hluti af honum.

### 7. gr.

#### *Afnám tolla.*

1. Hvorugur samningsaðila getur hækkað gildandi innflutningstolla eða lagt nýja innflutningstolla á vörur hins samningsaðilans, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.
2. Hvor samningsaðili skal afnema innflutningstolla sína á upprunavörur hins samningsaðilans í áföngum í samræmi við I. viðauka.
3. Grunntollur á hverja framleiðsluvöru, sem á að fara stíglækkandi samkvæmt I. viðauka, skal samsvara bestukjaratollinum sem í gildi var 1. janúar 2012. Ef samningsaðili ákveður að lækka bestukjaratoll eftir að samningur þessi öðlast gildi og áður en tímabilinu fyrir afnám tolla lýkur skal áætlun viðkomandi samningsaðila um afnám tolla (hér á eftir nefnd „áætlunin“) gilda um lækkaðan toll.
4. Fari annar hvor samningsaðilanna fram á það skulu samningsaðilarnir hafa með sér samráð og taka til athugunar að hraða því afnámi innflutningstolla sem sett er fram í áætlunum þeirra. Samkomulag milli samningsaðilanna um að hraða afnámi innflutningstolls á vöru skal leysa af hólmi þann toll eða afnámsflokk sem er ákvarðaður samkvæmt áætlunum þeirra fyrir fyrrnefnda vöru, þegar hvor samningsaðili hefur samþykkt það í samræmi við gildandi málsmeðferð sem áskilin er samkvæmt lögum og skal það öðlast gildi samkvæmt 126. gr.
5. „Innflutningstollur“ merkir tollar sem eru heimtir í tengslum við vöruinnflutning, en felur ekki í sér:
  - a) gjöld sem jafngilda innlendum sköttum sem eru lagðir á í samræmi við 2. mgr. III. gr. GATT-samningsins frá 1994 vegna líkra vara, vara í beinni samkeppni eða hliðstæðra vara viðkomandi samningsaðila, eða vegna vara sem eru gerðar eða framleiddar úr innfluttu vörunni að öllu leyti eða að hluta,

- b) undirboðs- eða jöfnunartoll, og
- c) þóknun eða gjald í tengslum við innflutning sem samsvarar kostnaði vegna veittrar þjónustu.

## 8. gr.

### *Takmarkanir á inn- og útflutningi.*

XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 gildir um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar takmarkanir á inn- og útflutningi og er hún hér með felld inn í þennan samning og er hluti hans.

## 9. gr.

### *Stjórnsýslugjöld og formsatriði.*

1. Hvor samningsaðili skal tryggja, í samræmi við 1. mgr. VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 ásamt athugasemdum um túlkun, að öll þóknun og gjöld af hvaða tagi sem er (önnur en innflutningstollar, gjöld, sem jafngilda innlendum skatti eða öðru innlendu gjaldi sem er lagt á í samræmi við 2. mgr. III. gr. GATT-samningsins frá 1994, og undirboðs- eða jöfnunartollar), sem eru lögð á inn- eða útflutning eða tengjast honum, sé takmörkuð við áætlaðan kostnað veittrar þjónustu og standi ekki fyrir óbeina vernd innlendra vara eða fjáröflunarskatt á innflutning eða útflutning.
2. Hvor samningsaðili skal gera aðgengilegan, á Netinu eða á sambærilegu, tölvu-stýrðu fjarskiptaneti, lista yfir þóknunir og gjöld, ásamt breytingum á þeim, sem opinber stjórnvöld leggja á í tengslum við inn- eða útflutning.

## 10. gr.

### *Útflutningsstyrkir til landbúnaðar.*

1. Samningsaðilarnir deila markmiðinu um marghliða afnám útflutningsstyrkja fyrir landbúnaðarafurðir og skulu vinna saman að gerð samnings innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um að afnema þá styrki og koma í veg fyrir að þeir verði endurinnleiddir í hvers konar mynd sem er.
2. Hvorugur samningsaðila skal innleiða eða viðhalda útflutningsstyrkjum af hvaða tagi sem er, sbr. skilgreiningu í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað, fyrir landbúnaðarafurðir sem flytja á inn á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.



## 11. gr.

### *Almennar undantekningar.*

Að því er samning þennan varðar er XX. gr. GATT-samningsins frá 1994, ásamt athugasemdum um túlkun, felld inn í samning þennan og er hluti af honum.

## 12. gr.

### *Grunnöryggi.*

Ekkert í samningi þessum ber að túlka þannig:

- a) að þess sé krafist af samningsaðila að hann láti í té eða heimili aðgang að upplýsingum, telji hann birtingu þeirra ganga gegn grundvallaröryggishagsmunum sínum,
- b) að samningsaðila sé meinað að grípa til aðgerða sem hann telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína:
  - i. sem tengjast kjarnakleyfum efnum eða þeim efnum sem þau eru unnin úr,
  - ii. sem tengjast viðskiptum með vopn, skotfæri og stríðsbúnað og slíkum viðskiptum með aðrar vörur og efni sem fara fram, beint eða óbeint, í því skyni að birgja upp herstofnanir, eða
  - iii. aðgerða sem gripið er til á stríðstímum, eða þegar annað neyðarástand ríkir í alþjóðasamskiptum, eða
- c) að samningsaðili sé útilokaður frá því að gera ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna til þess að viðhalda eða endurheimta frið eða öryggi á alþjóðavettvangi.

## 13. gr.

### *Skattlagning.*

1. Í þessari grein hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:
  - a) „samningur um skattamál“: samningur um að komast hjá tvísköttun eða annars konar milliríkjasamningur eða -samkomulag um skattlagningu sem er í gildi milli samningsaðilanna, og
  - b) í „ráðstöfunum varðandi skattlagningu“ felst ekki „innflutningstollur“ sbr. skilgreiningu í 5. mgr. 7. gr.
2. Ekkert í samningi þessum tekur til ráðstafana varðandi skattlagningu að öðru leyti en kveðið er á um í þessari grein.

3. Samningur þessi skal einungis veita réttindi eða leggja á skyldur að því er varðar ráðstafanir varðandi skattlagningu, séu samsvarandi réttindi veitt eða samsvarandi skyldur lagðar á skv. III. gr. GATT-samningsins frá 1994.

4. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt samningum um skattamál sem í gildi eru milli samningsaðilanna. Ríki ósamræmi að því er varðar ráðstafanir varðandi skattlagningu milli samnings þessa og fyrrnefndra samninga um skattamál, skulu hinir síðarnefndu gilda þar sem ósamræmis gætir. Í tilviki samnings um skattamál milli samningsaðilanna bera lögbær stjórnvöld samkvæmt þeim samningi ein ábyrgð á því að ákveða hvort um ósamræmi sé að ræða milli samnings þessa og fyrrnefnds samnings.

#### **14. gr.**

##### ***Ráðstafanir til að tryggja greiðslujöfnuð.***

Eigi samningsaðili í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð og ytri fjármálaleg skilyrði, eða ef hætta er á slíkum erfiðleikum, er honum heimilt, í samræmi við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina og ákvæði samkomulagsins um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að gera ráðstafanir sem eru taldar nauðsynlegar.

#### **15. gr.**

##### ***Jöfnunarráðstafanir.***

1. Samningsaðilarnir halda réttindum sínum og skyldum skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningnum um styrki og jöfnunarráðstafanir sem eru hluti af samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

2. Ákvæði 11. kafla samnings þessa taka ekki til jöfnunaraðgerða sem gripið er til samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir.

3. Áður en samningsaðili hefur rannsókn til að ákvarða hvort og að hve miklu leyti er um styrk að ræða og áhrif þess, eins og kveðið er á um í 11. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðili, sem hyggst hefja rannsókn, senda skriflega tilkynningu þess efnis til þess samningsaðila sem framleiðsluvörurnar tilheyra og rannsóknin tekur til og efna til samráðs í því skyni að leita lausnar sem báðir aðilar geta sætt sig við. Efna skal til samráðs innan ramma sameiginlegu fríverslunarnefndarinnar, sem komið er á fót skv. 10. kafla, ef annar hvor samningsaðilanna fer fram á það, innan 10 daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

#### **16. gr.**

##### ***Undirboð.***

1. Samningsaðilarnir áskilja sér réttindi og skyldur skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994.

2. Ákvæði 11. kafla samnings þessa taka ekki til aðgerða á sviði undirboða sem er gripið til skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994.

### **17. gr.**

#### ***Viðtækar verndarráðstafanir.***

1. Samningsaðilarnir áskilja sér réttindi og skyldur skv. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.

2. Ákvæði 11. kafla samnings þessa taka ekki til aðgerða sem er gripið til skv. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.

### **18. gr.**

#### ***Tvíhliða verndarráðstafanir.***

1. Ef vara upprunnin hjá samningsaðila er flutt inn á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, á aðlögunartímabilinu einvörðungu, í framhaldi af því að tollar hafa verið lækkaðir eða afnumdir samkvæmt samningi þessum, í slíku auknu magni að raungildi eða samanborið við innlenda framleiðslu, og við slík skilyrði að valdi svo um munar alvarlegu tjóni, eða gæti valdið alvarlegu tjóni, fyrir innlenda iðnframleiðslu sambærilegrar framleiðsluvöru eða vöru í beinni samkeppni, er samningsaðilanum sem flytur inn heimilt að:

- a) fresta frekari lækkun á hvaða tolli sem er af vörunni sem kveðið er á um í samningi þessum, eða
  - b) hækka toll af vörunni og skal miða við þann toll sem lægri er:
    - i. toll sem lagður er á í bestukjarameðferð og er í gildi þegar ráðstöfunin er gerð, eða
    - ii. toll sem lagður er á í bestukjarameðferð og er í gildi daginn sem samningur þessi öðlast gildi.
2. Eftirfarandi skilyrði og takmarkanir gilda um rannsókn eða þegar ráðstöfun er gerð:
- a) Samningsaðili skal afhenda hinum samningsaðilanum tafarlaust skriflega tilkynningu þegar hann:
    - i. hefur rannsókn á alvarlegu tjóni eða hættu á alvarlegu tjóni og orsökum þess,
    - ii. gerir verndarráðstöfun til bráðabirgða skv. 3. mgr.,
    - iii. hefur komist að niðurstöðu um alvarlegt tjón eða hættu á alvarlegu tjóni vegna aukins innflutnings,

- iv. tekur ákvörðun um að beita verndarráðstöfun eða framlengja gildistíma hennar, og
  - v. tekur ákvörðun um að breyta ráðstöfun sem gripið hefur verið til áður.
- b) Þegar samningsaðili, sem gerir tillögu um að beita verndarráðstöfun eða framlengja hana, sendir tilkynninguna, sem um getur í ii. til v. lið a-liðar, skal hann láta hinum samningsaðilanum í té allar upplýsingar þar að lútandi, þar á meðal sönnunargögn um alvarlegt tjón eða hættu á alvarlegu tjóni af völdum aukins innflutnings, nákvæma lýsingu á vörunni sem um ræðir og upplýsingar um fyrirhugaða ráðstöfun og frá hvaða degi og hversu lengi ráðstöfunin gildir. Samningsaðilinn, sem hyggst beita verndarráðstöfun, skal einnig leggja fram allar viðbótarupplýsingar sem hinn samningsaðilinn telur við eiga.
- c) Samningsaðili, sem fyrirhugar að beita verndarráðstöfun, skal áður veita hinum samningsaðilanum næg tækifæri til samráðs, með eins löngum fyrirvara og frekast er unnt áður en hann gerir fyrirnefnda ráðstöfun, með það fyrir augum að fara yfir þær upplýsingar sem rannsóknin leiðir í ljós, skiptast á skoðunum um ráðstöfunina og ná samkomulagi um bætur er um getur í 4. mgr. Þegar fyrirnefnt samráð fer fram skulu samningsaðilarnir fara m.a. yfir þær upplýsingar sem eru veittar skv. b-lið til þess að ákvarða:
- i. hvort farið sé að öðrum ákvæðum þessarar greinar,
  - ii. hvort gera eigi fyrirhugaða ráðstöfun, og
  - iii. hvort fyrirhuguð ráðstöfun sé viðeigandi, m.a. með því að skoða hugmyndir um aðrar ráðstafanir.
- d) Samningsaðili skal aðeins beita ráðstöfuninni að lokinni rannsókn lögbærra stjórnvalda sinna skv. ákvæðum 3. gr. og c-lið greinar 4.2 í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir og í því skyni eru ákvæði 3. gr. og c-liðar greinar 4.2 samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir felld inn í samning þennan og eru hluti af honum að breyttu breytanda.
- e) Þegar samningsaðili framkvæmir þá rannsókn sem er lýst í d-lið skal hann fullnægja kröfum a- og b-liðar 2. mgr. 4. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir og í því skyni eru ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 4. gr. felld inn í samning þennan og eru hluti af honum að breyttu breytanda.
- f) Ekki skal viðhalda neinni tvíhliða verndarráðstöfun:
- i. nema að því marki og eins lengi og kann að vera nauðsynlegt til að bæta fyrir alvarlegt tjón og til að greiða fyrir aðlögun,
  - ii. á upphaflegu tímabili sem varir lengur en eitt ár og með framlengingu sem varir lengur en eitt ár, eða

- iii. eftir að aðlögunartímabili lýkur, óháð lengd þess eða því hvort það hefur verið framlengt.
- g) Óheimilt er að beita ráðstöfunum vegna innflutnings framleiðsluvöru, sem ráðstöfun hefur áður verið beitt gegn, í a.m.k. tvö ár frá því að ráðstöfunin fellur úr gildi.
- h) Óheimilt er að gera tvíhliða verndarráðstöfun vegna tiltekinnar framleiðsluvöru á meðan víðtæk verndarráðstöfun vegna þeirrar vöru er í gildi. Komi til þess að víðtæk verndarráðstöfun sé gerð vegna tiltekinnar framleiðsluvöru skal sérhverri gildandi tvíhliða verndarráðstöfun sem er gerð vegna þeirrar vöru hætt.
- i) Þegar verndarráðstöfun samkvæmt þessari grein lýkur skal beita þeim tolli sem settur er fram í áætlun samningsaðila í I. viðauka og sem hefði verið lagður á ef ráðstöfunin hefði ekki verið gerð.

3. Ef aðstæður eru tvísýnar og tafir myndu valda skaða, sem erfitt yrði að bæta, er samningsaðila heimilt að grípa til verndarráðstafana til bráðabirgða ef ákvarðað hefur verið að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið innlendum iðnaði alvarlegu tjóni eða að hætta sé á því. Fyrirnefnd bráðabirgðaráðstöfun skal ekki vara lengur en 200 daga. Ráðstöfun þessi skal vera í formi hækkaðra tolla sem eru endurgreiddir þegar í stað ef rannsókn sem gerð er í framhaldinu leiðir ekki til þeirrar niðurstöðu að aukinn innflutningur hafi valdið innlendum iðnaði alvarlegu tjóni eða að hætta sé á því. Gildistími slíkrar bráðabirgðaráðstöfunar skal teljast hluti af upphaflega tímabilinu og hvers kyns framlengingu endanlegrar ráðstöfunar.

4. Sá samningsaðili sem leggur til að beita ráðstöfun, sem er lýst í 1. mgr., skal láta hinum samningsaðilanum í té viðunandi batur í formi viðskiptafrelsis, sem gagnkvæmt samkomulag er um, í formi ívilnana sem hafa í meginatriðum jafngild áhrif á viðskipti eða sem eru jafngildar þeim viðbótartollum sem búist er við að leiði af þeirri ráðstöfun sem um ræðir. Geti samningsaðilarnir ekki komið sér saman um jöfnunaraðgerðir innan 30 daga meðan það samráð er um getur í c-lið 2. mgr. fer fram, er samningsaðilanum, sem ræður yfir þeim upprunavörum sem ráðstöfunin beinist gegn, heimilt að grípa til aðgerðar sem hefur í meginatriðum jafngild áhrif á viðskipti og sú ráðstöfun sem er beitt samkvæmt þessari grein. Aðgerð þessi skal aðeins standa yfir jafnlengi og nauðsynlegt er til þess að ná fram hinum jafngildu áhrifum í meginatriðum og, hvað sem öðru líður, skal henni hætt eigi síðar en þann dag þegar verndarráðstöfuninni er hætt.

5. Hvor samningsaðili skal, þegar hann beitir ráðstöfunum samkvæmt þessari grein:
- a) tryggja samræmda, óhlutdræga og sanngjarna stjórnsýslu með tilliti til laga sinna, reglugerða, ákvarðana og úrskurða sem gilda um allar rannsóknir á verndarráðstöfunum,
  - b) fela til þess bæru stjórnvaldi sem fer með rannsókn ákvarðanir viðvíkjandi alvarlegu tjóni skaða eða hættu á alvarlegu tjóni þegar rannsókn á verndarráðstöfunum fer fram, og
  - c) innleiða eða viðhalda málsmeðferð við rannsókn á verndarráðstöfunum sem er sanngjörn, fer fram í tæka tíð og er gagnsæ og skilvirk.

6. Í þessari grein hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:
- a) „innlend atvinnugrein“: að því er innflutta framleiðsluvöru varðar, allir framleiðendur sambærilegrar framleiðsluvöru eða framleiðsluvöru í beinni samkeppni eða framleiðendur sem samanlagt framleiða sambærilega framleiðsluvöru eða framleiðsluvöru í beinni samkeppni sem telst meirihluti innlendar heildarframleiðslu slíkrar vöru,
  - b) „verndarráðstöfun til bráðabirgða“: verndarráðstöfun til bráðabirgða sem lýst er í 3. mgr.,
  - c) „verndarráðstöfun“: verndarráðstöfun sem er lýst í 1. mgr.,
  - d) „alvarlegt tjón“: umtalsverð og almenn breyting á stöðu innlendar atvinnugreinar til hins verra,
  - e) „hætta á alvarlegu tjóni“: alvarlegt tjón sem er greinilega yfirvofandi á grundvelli staðreynda en ekki einungis byggt á staðhæfingu, tilgátu eða hverfandi líkum, og
  - f) „aðlögunartímabil“: þriggja ára tímabil sem hefst daginn sem samningur þessi öðlast gildi, nema í tilviki framleiðsluvöru þar sem aukning frelsis stendur yfir í fimm ár eða lengur en þá varir aðlögunartímabilið uns framleiðsluvaran nær núll tolli samkvæmt áætluninni sem sett er fram í I. viðauka.

## 19. gr.

### *Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.*

1. Markmið þessarar greinar eru:
  - a) að forðast óréttmæta röskun í viðskiptum milli samningsaðilanna með dýr, afurðir úr dýraríkinu, plöntur og vörur úr jurtaríkinu, en vernda um leið líf og heilbrigði manna, dýra eða plantna,
  - b) að tryggja að í ráðstöfunum um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna felist ekki geðþóttabundin eða óréttlæt看leg mismunun milli samningsaðilanna,
  - c) að finna lausn á viðskiptamálum á þessu sviði fljótt og örugglega, og
  - d) að skapa tækifæri til þess að auka viðskipti milli samningsaðilanna.
2. Ákvæði þessarar greinar gilda um allar ráðstafanir samningsaðilanna um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna sem kunna að hafa áhrif á viðskipti milli þeirra með beinum eða óbeinum hætti.
3. Ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna eiga við um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og

plantna. Samningsaðilarnir eru einhuga um að virða grunnreglur samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna um vísindaleg rök, samhæfingu, jafngildi og svæðaskiptingu, þegar þeir koma á viðeigandi ráðstöfunum um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

4. Samningsaðilarnir eru einhuga um að beita ákvæðum 7. gr. (Gagnsæi) samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í samræmi við ákvæði viðauka B við þann samning.

5. Lögbær stjórnvöld samningsaðilanna eru ábyrg fyrir beitingu þeirra ráðstafana er um getur í þessari grein. Heiti og aðsetur lögbærra stjórnvalda og tengiliða eru tilgreind í II. viðauka. Samningsaðilarnir skulu upplýsa hvor annan um verulegar breytingar sem verða á uppbyggingu, skipulagi og skiptingu ábyrgðar hjá lögbærum stjórnvöldum hvors um sig.

6. Tengiliðirnir, er um getur í 5. mgr., skulu vera ábyrgir fyrir boðskiptum og upplýsingaskiptum. Samningsaðilarnir skulu skiptast á upplýsingum, gegnum fyrrnefnda tengiliði, um málefni sem varða ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna sem upp koma í tvíhliða viðskiptum og um sams konar ráðstafanir sem samningsaðilarnir grípa til og kunna að hafa áhrif á viðskipti milli þeirra.

7. Samningsaðilarnir viðurkenna að í meginreglunni um jafngildi, sbr. 4. gr. (Jafngildi) samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, felist gagnkvæmur ávinningur bæði fyrir útflutnings- og innflutningsland. Samningsaðilinn sem flytur inn skal taka til velviljaðrar athugunar að samþykkja að ráðstafanir samningsaðilans, sem flytur út, um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna séu jafngildar, sýni síðarnefndi samningsaðilinn þeim fyrrnefnda fram á, á hlutlægan hátt, að ráðstafanir hans, þ.e. síðarnefnda samningsaðilans, uppfylli viðeigandi kröfur samningsaðilans, sem flytur inn, um vernd með tilliti til hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.

8. Samningsaðilarnir skulu auka samvinnu á sviði ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á eftirlitskerfum hvers um sig og auðvelda aðgang að mörkuðum sínum.

9. Kalla skal saman sérfræðinga til samráðs, að skriflegri beiðni samningsaðila, eins fljótt og auðið er telji sá samningsaðili að hinn samningsaðilinn hafi gripið til ráðstafana sem líklegar eru til þess að hafa áhrif eða hafa haft áhrif á aðgang að markaði hans. Slíkt samráð skal miða að því að finna viðeigandi lausn í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna. Til að auðvelda skilvirka nýtingu úrræða skulu samningsaðilarnir, eftir því sem unnt er, leggja sig fram um að beita nútímaboðskiptatækni, s.s. rafrænum samskiptum og mynd- eða símafundum. Ef nauðsyn krefur skal tilkynna sameiginlegu fríverslunarnefndinni, sem komið er á fót skv. 10. kafla, um niðurstöður samráðs sérfræðinga.

## 20. gr.

### *Tæknilegar viðskiptahindranir.*

1. Markmið þessarar greinar eru:
  - a) að greiða í auknum mæli fyrir alhliða fyrirkomulagi upplýsingaskipta milli samningsaðilanna og nánara samstarfa og efla gagnkvæman skilning hvors samningsaðila á stjórnunarkerfi hins,
  - b) að efla samstarf milli samningsaðilanna um tæknilegar reglur, staðla og samræmismatsaðferðir, lækka viðskiptakostnað og stuðla að og greiða fyrir tvíhliða viðskiptum milli samningsaðilanna, og
  - c) að leysa á skilvirkan hátt hvers kyns vandamál vegna tvíhliða viðskipta.
2. Þessi grein gildir um allar tæknilegar reglur, staðla og samræmismatsaðferðir sem geta, beint eða óbeint, haft áhrif á vöruviðskipti milli samningsaðilanna, að undanskildum ráðstöfunum er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna sem falla undir 19. gr.
3. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismatsaðferðir, í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir (sem nefnist hér á eftir „samningurinn um tæknilegar viðskiptahindranir“). Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir að samningsaðili viðhaldi eða taki upp tæknilegar reglur, staðla og samræmismatsaðferðir í samræmi við réttindi og skyldur samkvæmt samningnum um tæknilegar viðskiptahindranir.
4. Lögbær stjórnvöld samningsaðilanna eru ábyrg fyrir beitingu þeirra ráðstafana er um getur í þessari grein. Heiti og aðsetur lögbærra stjórnvalda og tengiliða eru tilgreind í III. viðauka. Samningsaðilarnir skulu upplýsa hvor annan um verulegar breytingar sem verða á uppbyggingu, skipulagi og skiptingu ábyrgðar hjá lögbærum stjórnvöldum hvors um sig.
5. Tengiliðirnir, er um getur í 4. mgr., skulu vera ábyrgir fyrir boðskiptum og upplýsingaskiptum.
6. Samningsaðilarnir skulu koma á kerfi til þess að skiptast á upplýsingum milli landsbundinna upplýsingamiðstöðva um tæknilegar viðskiptahindranir í samræmi við kröfur um gagnsæi í samningnum um tæknilegar viðskiptahindranir.
7. Ef viðeigandi alþjóðlegir staðlar eru fyrir hendi eða þeim verður komið á innan tíðar skulu samningsaðilarnir nota þá, eða þá hluta þeirra sem við eiga, sem grundvöll fyrir tæknilegar reglur og samræmismatsaðferðir sem þeim tengjast, nema þeir alþjóðlegu staðlar, eða viðkomandi hlutar þeirra, séu gagnslausir eða henti ekki til að fullnægja lögmætum reglusetningarmarkmiðum.
8. Samningsaðilarnir viðurkenna að í meginreglunni um jafngildi, sbr. 2. gr. samningsins um tæknilegar viðskiptahindranir, felist gagnkvæmur ávinningur fyrir útflutnings- og innflutningslandið. Ef tæknilegar reglugerðir annars samningsaðila fullnægja jafn vel lögmætum markmiðum og veita hinum samningsaðilanum sams konar



vernd skal hinn samningsaðilinn taka til jákvæðrar athugunar að samþykkja þær sem jafngildar reglur.

9. Að því er varðar samræmismatsaðferðir:

- a) gera samningsaðilarnir sér grein fyrir muninum á réttarkerfum þeirra að því er varðar samræmismatsaðferðir og samþykkja að kanna möguleika á gagnkvæmri viðurkenningu samræmismatsaðferða í samræmi við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir,
- b) skulu samningsaðilarnir skiptast á upplýsingum um kerfi samræmingarmatsaðferða með það fyrir augum að stuðla að því að samningsaðilarnir viðurkenni samræmismatsaðferðir hvor annars, og
- c) skal samningsaðili taka til vinsamlegrar athugunar beiðni hins samningsaðilans um að viðurkenna samræmismatsaðferðir aðila á yfiráðasvæði hins samningsaðilans, með samningi eða fyrirkomulagi um gagnkvæma viðurkenningu.

10. Í því skyni að efla gagnkvæman skilning samningsaðilanna á kerfum hvors samningsaðila og greiða fyrir gagnkvæmum aðgangi að mörkuðum sínum skulu samningsaðilarnir leggja áherslu á að efla samstarf um eftirfarandi, þar með talið en takmarkast ekki við:

- a) eflingu samstarfs, boðskipta og samræmingar að því er varðar þátttöku í starfi alþjóðlegra staðlastofnana og samninganefndar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir,
- b) aukin boðskipti milli stjórnsýslustofnana hvors fyrir sig og greið upplýsingaskipti að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismatsaðferðir og góðar eftirlitsvenjur hvors samningsaðila, og
- c) í því skyni að framfylgja kröfum sem gerðar eru í þessari grein, auka án tafar upplýsingaskipti um tæknilegar reglur, staðla og samræmismatsaðferðir og taka til vinsamlegrar athugunar hverja skriflega beiðni um samráð.

11. Samningsaðilarnir skulu, með fyrirvara um 3. mgr., að fenginni skriflegri beiðni samningsaðila og eins fljótt og kostur er, hafa með sér samráð um hvert það mál sem upp kann að koma vegna beitingar tiltekinna tæknilegra reglna, staðla og samræmismatsaðferða sem, að áliti samningsaðila, hefur valdið eða gæti valdið hindrun í viðskiptum milli samningsaðilanna, í því skyni að finna viðeigandi lausn í samræmi við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir.

12. Til að auðvelda skilvirka nýtingu úrræða skulu samningsaðilarnir, eftir því sem unnt er, leggja sig fram um að beita nútímaboðskiptatækni, s.s. rafrænum samskiptum og mynd- eða símafundum. Ef nauðsyn krefur skal tilkynna niðurstöður úr samráði sérfræðinga til sameiginlegu fríverslunarnefndarinnar sem komið er á fót skv. 10. kafla.

### 3. KAFLI UPPRUNAREGLUR

#### 1. þáttur Upprunareglur

##### 21. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „Samningur um tollverðsákvörðun“: Samningur um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994, sem er hluti af samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar,
- b) „CIF“: virði innfluttrar vöru, að meðtöldum flutnings- og váttryggingarkostnaði, að komuhöfn eða -stað inn í innflutningslandið,
- c) „FOB“: virði vöru sem flutt er að kostnaðarlausu um borð, óháð flutningatæki, í síðustu umhleðsluhöfn eða -stað erlendis,
- d) „efni“ merkir vara eða afurð sem notuð er við framleiðslu eða umbreytingu annarrar vöru, þ.m.t. hluti eða innihaldsefni,
- e) „framleiðsla“: vara verður til með ræktun, eldi, námugreftri, uppskeru, fiskveiðum, gildruveiðum, skotveiðum, framleiðslu, vinnslu eða samsetningu, og
- f) „framleiðandi“: aðili sem stundar ræktun, eldi, námugróft, aflar uppskeru, veiðir fisk, veiðir í gildru, stundar skotveiðar, framleiðslu, vinnslu eða samsetningu vöru.

##### 22. gr.

##### *Upprunavara.*

Að því er þennan samning varðar telst vara upprunnin hjá samningsaðila þegar:

- a) varan er að öllu leyti heimaefni eða framleidd á yfirráðasvæði samningsaðila í merkingu 23. gr., eða
- b) varan er að öllu leyti framleidd á yfirráðasvæði annars eða beggja samningsaðila og einvörðungu úr efnunum sem uppfylla ákvæði þessa kafla hvað varðar uppruna, eða
- c) varan er framleidd á yfirráðasvæði annars eða beggja samningsaðila úr efnunum, sem ekki eru upprunaefni en uppfylla skilyrði um breytingu á tollflokkun, reglu um svæðisbundið efnisvirði, aðvinnslureglu eða aðrar kröfur sem tilgreindar eru í IV. viðauka, og varan uppfyllir önnur viðeigandi ákvæði í þessum kafla.

### 23. gr.

#### *Að öllu leyti heimafengnar vörur.*

Að því er varðar a-lið 22. gr. skal eftirfarandi teljast að öllu leyti fengið innan yferráðasvæðis samningsaðila:

- a) jarðefni unnin úr jörðu eða úr hafsbotni á yferráðasvæði samningsaðila,
- b) plöntur eða plöntuafurðir úr uppskeru á yferráðasvæði samningsaðila,
- c) lifandi dýr sem eru borin og alin á yferráðasvæði samningsaðila,
- d) afurðir úr lifandi dýrum, sem um getur í c-lið,
- e) afurðir, sem aflað er með skotveiðum, gildruveiðum og fiskveiðum í vötnum innan yferráðasvæðis samningsaðila,
- f) sjávarafurðir og aðrar afurðir, sem aflað er innan landhelgi samningsaðila,
- g) sjávarafurðir og aðrar afurðir, sem aflað er utan landhelgi samningsaðila, þ.m.t. sérefnahagslögsaga þess samningsaðila, með skipi sem skráð er á yferráðasvæði samningsaðila og siglir undir fána þess samningsaðila,
- h) afurðir framleiddar um borð í verksmiðjuskipum, sem skráð eru á yferráðasvæði samningsaðila og sigla undir fána samningsaðila, einvörðungu úr afurðum sem um getur í f- og g-lið,
- i) vörur unnar úr yfirborðslögum eða undirlögum hafsbotnsins utan landhelgi samningsaðila, að því tilskildu að hann hafi einkarétt á að nýta þar hafsbotninn,
- j) notaðir hlutir, sem safnað er á yferráðasvæði samningsaðila gagngert til endurvinnslu hráefna,
- k) úrgangur og brotamálmur, sem fellur til við framleiðslustarfsemi, sem fram fer á yferráðasvæði samningsaðila og nýtist einungis til endurvinnslu hráefna, og
- l) vörur sem einungis eru framleiddar úr þeim hlutum sem tilgreindir eru í a- til k-lið.

### 24. gr.

#### *Breytingar á tollflokkun.*

Breyting á tollflokkun skv. IV. viðauka gerir þá kröfu að efni, sem ekki eru upprunaefni og notuð eru í framleiðslu varanna, færist til í tollflokkum vegna þeirrar vinnslu sem fram fór á yferráðasvæði annars eða beggja samningsaðila.

## 25. gr.

### *Svæðisbundið efnisvirði.*

1. Að því er varðar c-lið 22. gr. skal svæðisbundið efnisvirði vöru reiknað á grundvelli eftirfarandi aðferðar:

$$\text{RVC} = \frac{\text{V} - \text{VNM}}{\text{V}} \times 100 \%$$

þar sem:

- a) „RVC“ merkir svæðisbundið efnisvirði tilgreint í hundraðshlutum,
- b) „V“ merkir virði vörunnar eins og það er skilgreint í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tollverðsákvörðun, leiðrétt á FOB-grundvelli, og
- c) „VNM“ merkir virðið eins og það er skilgreint í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tollverðsákvörðun um efni sem ekki eru upprunaefni, leiðrétt á CIF-grundvelli.

2. Í virði efna, sem ekki eru upprunaefni, skulu undanskilin, þegar svæðisbundið efnisvirði framleiðsluvörunnar er reiknað skv. 1. mgr., virði efna sem eru ekki upprunaefni og framleiðandi notar í framleiðslu upprunaefna sem eru síðar notuð við framleiðslu upprunavörunnar.

## 26. gr.

### *Uppsöfnun.*

Ef upprunavörur eða upprunaefni samningsaðila eru sett saman við vöru á yferráðasvæði hins samningsaðilans skal litið á vörunar eða efnin, sem þannig eru sett í vöruna, eins og þau séu upprunnin á yferráðasvæði síðarnefnda samningsaðilans.

## 27. gr.

### *Aðgerðir sem ekki veita upprunaréttindi.*

1. Eftirfarandi aðgerðir teljast ekki nægileg aðvinnsla til að vörur fái stöðu upprunavara:

- a) aðgerðir til að tryggja að vörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur,
- b) uppskipting og sameining pakkninga,
- c) þvottur, hreinsun, fjarlæging á ryki, ryði, olíu, málningu eða öðru yfirborðsefni,

- d) straujun og pressun textílefna,
- e) einfaldar aðgerðir til að mála og fægja,
- f) afhýðing, bleiking í heild eða að hluta, slípun og sykurlúðun korns og hrísgrjóna,
- g) aðgerðir til að lita sykurlúð eða búna til sykurlúða,
- h) aðgerðir til að afhýða, taka steina úr og skurn af ávöxtum, hnetum og grænmeti,
- i) skerping, einföld slípun eða einfaldur skurður;
- j) sigtun, sáldun, sundurgreining, flokkun, velja saman (þar á meðal að setja hluti í samstæður),
- k) einföld setning á flöskur, í dósir, poka, öskjur, kassa, á spjöld eða töflur og allar aðrar einfaldar þökkunaraðgerðir,
- l) festing merkja, miða, kennimerkja og annarra slíkra auðkenna á vörur eða umbúðir þeirra,
- m) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki,
- n) einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð vara eða sundurhlutuð vara,
- o) aðgerðir sem hafa eingöngu þann tilgang að auðvelda fermingu,
- p) slátrun dýra, og
- q) sameining tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til p-lið.

2. Í þessari grein hafa eftirfarandi orð og hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a) „einföld“ lýsir yfirleitt aðgerð sem hvorki þarfnast sérstakrar færni, sérstakra véla, tækja né sérstaks búnaðar sem er framleiddur eða settur upp sérstaklega vegna aðgerðarinnar, og
- b) „einföld blöndun“ lýsir yfirleitt aðgerð sem hvorki þarfnast sérstakrar færni, sérstakra véla, tækja né sérstaks búnaðar sem er framleiddur eða settur upp sérstaklega vegna aðgerðarinnar. „Einföld blöndun“ felur þó ekki í sér efnahvarf.

## 28. gr.

### *De Minimis.*

Vara, sem ekki uppfyllir kröfur um breytingu á tollverðsflokkun samkvæmt ákvæðum IV. viðauka, skal eigi að síður teljast upprunaleg vara ef:

- a) virði allra efna, sem ekki eru upprunaleg, ákvarðað skv. 25. gr., þ.m.t. efni af óvissum uppruna, sem ekki standast kröfur um breytingu á tollverðsflokkun, fer ekki yfir 10% af FOB-virði viðkomandi vöru, og
- b) vörurnar uppfylla öll önnur viðeigandi skilyrði þessa kafla.

## 29. gr.

### *Fylgihlutir, varahlutir og verkfæri.*

Ekki skal tekið mið af fylgihlutum, varahlutum eða verkfærum, sem fylgja vöru við innflutning, þegar uppruni vöru er ákvarðaður, að því tilskildu:

- a) að fylgihlutirnir, varahlutirnir eða verkfærin séu flokkuð með vörunni og ekki sérstaklega aðgreind frá henni í vörureikningi, og
- b) að magn og virði fyrrgreindra fylgihluta, varahluta eða verkfæra sé eðlilegt miðað við vöruna.

## 30. gr.

### *Pökkun og ílát til flutninga.*

Ekki skal taka tillit til íláta og pökkunarefna, sem notuð eru við flutning á vörum, við ákvörðun á uppruna varanna.

## 31. gr.

### *Umbúðafni og ílát fyrir smásölu.*

Þegar vörur eru háðar breytingu á tollflokkun, eins og kveðið er á um í IV. viðauka, skal, þegar uppruni varanna er ákvarðaður, líta fram hjá uppruna efnis í umbúðum og ílátum, sem vörurnar eru í fyrir smásölu, að því tilskildu að umbúðafnið og ílátin séu tollflokuð með vörunum. Ef vörurnar falla undir kröfur um svæðisbundið efnisvirði skal þó, eftir atvikum, telja virði umbúðafnis og íláta, sem notað er í smásölu, til upprunaefna eða efna, sem ekki eru upprunaefni, þegar uppruni varanna er ákvarðaður.

### 32. gr.

#### *Atriði sem hafa ekki áhrif.*

1. Þegar uppruni vöru er ákvarðaður skal ekki taka til greina atriði sem hafa ekki áhrif og skilgreind eru í 2. mgr.
2. Með „atriðum sem hafa ekki áhrif“ er átt við vörur sem notaðar eru í framleiðslu vöru en eru ekki felldar inn í vöruna eða eru hluti af henni, s.s.:
  - a) eldsneyti, orka, hvatar og leysiefni,
  - b) búnaður, tæki og ýmsar smávörur sem notuð eru til prófunar eða skoðunar á vörunni,
  - c) hanskar, gleraugu, skófatnaður, fatnaður, öryggisbúnaður og ýmsar smávörur,
  - d) verkfæri, form og mót,
  - e) varahlutir og efni sem notuð eru við viðhald búnaðar og bygginga,
  - f) smurefni, feiti, íblöndunarefni og önnur efni, sem notuð eru í framleiðslu eða við rekstur búnaðar og bygginga, og
  - g) hvers kyns aðrar vörur sem eru ekki felldar inn í vöruna en unnt er að sýna fram á með réttu að notkun þeirra í framleiðslu vörunnar sé hluti þeirrar framleiðslu.

### 33. gr.

#### *Beinn flutningur.*

1. Ívilnandi tollmeðferð, sem kveðið er á um í samningi þessum, gildir um vörur sem uppfylla kröfur sem gerðar eru í þessum kafla og eru fluttar beint milli samningsaðilanna.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirfarandi teljast flutt beint frá samningsaðilanum, sem flytur vöruna út, til samningsaðilans sem flytur vöruna inn:
  - a) vörur, sem eru fluttar án þess að vara fari um yferráðasvæði aðila, sem ekki er samningsaðili, og
  - b) vörur, sem fluttar eru um yferráðasvæði eins eða fleiri aðila, sem eru ekki samningsaðilar, með eða án umskipunar eða tímabundinnar geymslu á slíku yferráðasvæði aðila, sem ekki er samningsaðili, að því tilskildu:
    - i. að umflutningur helgist af landfræðilegum ástæðum eða sjónarmiðum sem einungis tengjast flutningskröfum,
    - ii. að vörunar fari ekki í sölu eða neyslu þar, og

- iii. að vörurnar fari ekki í frekari framleiðslu eða hvers kyns aðgerð þar aðra en umhleðslu, endurhleðslu, uppskiptingu sendingar eða hvers kyns aðgerð sem nauðsynleg er til að varðveita þær í góðu ástandi, að því tilskildu að vörurnar séu undir tolleftirliti meðan umflutningur á yfirráðasvæði aðila, sem ekki er samningsaðili, varir.

3. Uppfylling ákvæða, sem sett eru fram í 2. mgr., skal staðfest með því að framvísa hjá tollyfirvöldum þess samningsaðila, sem flytur vöruna inn, annaðhvort tollskjölum aðila, sem ekki er samningsaðili, eða hverjum þeim skjölum sem tollyfirvöld samningsaðila, sem flytur vöruna inn, telja fullnægjandi.

## **2. þáttur: Framkvæmdarreglur**

### **34. gr.**

#### ***Skilgreiningar.***

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „Viðurkennd stofnun“: hvers kyns stofnun sem tilnefnd er samkvæmt landslögum samningsaðila eða opinberu valdi samningsaðila til að gefa út upprunavottorð, og
- b) „Lögbært stjórnvald“:
  - i. að því er varðar Kína er yfirstjórn tollamála ábyrg fyrir skipulagningu og framkvæmd upprunareglna samkvæmt samningi þessum, í samræmi við landslög, og yfirstjórn gæðaeftirlits, skoðunar og sóttvarnaeftirlits er ábyrg fyrir útgáfu upprunavottorða í samræmi við landslög, og
  - ii. að því er varðar Ísland, embætti tollstjóra.

### **35. gr.**

#### ***Skjalfest sönnun uppruna.***

Til að eiga rétt á ívilnandi tollmeðferð samkvæmt samningi þessum skal við innflutning leggja fram annað hvort eftirfarandi skjala hjá tollyfirvöldum samningsaðilans sem flytur vöruna inn:

- a) upprunavottorð, sem um getur í 36. gr., eða
- b) upprunayfirlýsingu sem um getur í 37. gr.



## 36. gr.

### *Reglur um útgáfu upprunavottorðs.*

1. Viðurkenndar stofnanir sammingsaðila skulu gefa út upprunavottorð, eins og kveðið er á um í V. viðauka, samkvæmt umsókn útflytjanda, að því tilskildu að viðkomandi vörur fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru í þessum kafla.
2. Í upprunavottorði:
  - a) skal vera einkvæmt vottorðsnúmer,
  - b) skal tilgreind ein vara eða fleiri í einni vörusendingu,
  - c) skal tilgreint á hvaða grundvelli sé rétt að telja vörurnar upprunalegar í skilningi þessa kafla,
  - d) skulu vera öryggisþættir, s.s. sýnisdæmi um undirritun eða stimplun, að höfðu samráði við sammingsaðila, sem flytur vöruna inn, eða sammingsaðila sem flytur vöruna út, og
  - e) skal nota ensku sem færð er inn með vélritun.
3. Upprunavottorðið skal gefa út áður en viðkomandi vörur eru fluttar út eða um leið og útflutningur fer fram. Það skal gilda í eitt ár frá útgáfudegi á yferráðasvæði sammingsaðila sem flytur vöruna út.
4. Hvor sammingsaðili skal upplýsa tollyfirvöld hins aðilans um heiti allra viðurkenndra stofnana, ásamt viðeigandi samskiptaupplýsingum, og gefa ítarlegar upplýsingar um öryggisþætti á viðkomandi eyðublöðum og skjölum, sem hvor hinna viðurkenndu stofnana notar, áður en viðkomandi stofnun gefur út vottorð. Breytingar á veittum upplýsingum, sem um getur hér að framan, skal tilkynna án tafar til tollyfirvalda hins sammingsaðilans.
5. Ef upprunavottorð hefur ekki verið gefið út áður eða um leið og útflutningur átti sér stað vegna óviðráðanlegra atvika eða óviljandi skekkja, aðgerðarleysis eða annarra gildra ástæðna, er heimilt að gefa út upprunavottorð afturvirktt en ekki lengur en einu ári eftir sendingardag vöru, merkt „ISSUED RETROACTIVELY“ eða „ISSUED RETROSPECTIVELY“, sem skal setja í athugasemdarreit upprunavottorðsins.
6. Hafi upprunavottorði verið stolið eða það hefur glatast eða skemmst getur útflytjandi eða framleiðandi sótt um með skriflegri beiðni til viðurkenndra stofnana sammingsaðilans sem flytur vöruna út, að gefið sé út staðfest afrit, að því tilskildu að útflytjandinn eða framleiðandinn gangi úr skugga um að áður útgefið frumrit hafi ekki verið notað. Á staðfesta afritinu skal vera ritað “CERTIFIED TRUE COPY of the original certificate of origin number \_\_\_ dated \_\_\_”, sem skal sett í athugasemdarreitinn á upprunavottorðinu. Komist tollyfirvöld í innflutningslandinu að þeirri niðurstöðu að frumritið hafi verið notað telst staðfesta afritið ógilt og öfugt.

### 37. gr.

#### *Upprunayfirlýsing.*

1. Viðurkenndum útflytjanda, skv. 38 gr., á yferráðasvæði samningsaðila er heimilt, í því skyni að fá ívilnandi tollmeðferð á yferráðasvæði hins samningsaðilans, að gefa út upprunayfirlýsingu í samræmi við útgáfu sem er að finna í VI. viðauka.
2. Aðeins viðurkenndum útflytjanda í skilningi 38. gr. er heimilt að gefa út upprunayfirlýsingu.
3. Upprunayfirlýsingu skal því aðeins gefa út að viðkomandi vara geti talist upprunavara samningsaðila samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
4. Ef viðurkenndur útflytjandi innan tollsvæðis samningsaðilans er ekki framleiðandi vörunnar, getur hinn viðurkenndi útflytjandi gefið út upprunayfirlýsingu í samræmi við lög og reglur samningsaðilans, sem flytur út vöruna.
5. Upprunayfirlýsing skal gefin út áður en samningsaðilinn, sem flytur inn, flytur inn framleiðsluvöruna sem hún tekur til.
6. Upprunayfirlýsing skal gilda í 12 mánuði frá útgáfudegi.

### 38. gr.

#### *Viðurkenndur útflytjandi.*

1. Samningsaðili sem flytur inn skal veita fríðindameðferð þeim vörum sem falla undir upprunayfirlýsinguna sem gefin var út af viðurkenndum útflytjanda samningsaðilans sem flytur út. Upprunayfirlýsingin skal vera í samræmi við sniðið sem sett er fram í VI. viðauka.
2. Úthluta skal einstöku leyfisnúmeri til viðurkennds útflytjanda, sem samningsaðili sem flytur út hefur veitt heimild til að gefa út upprunayfirlýsingu, og er þess krafist að númerið sé á upprunayfirlýsingunni á meðan hún er í notkun. Samningsaðili sem flytur út skal fylgjast náið með og hafa eftirlit með notkun slíks leyfisnúmers.
3. Hvor samningsaðili skal veita hinum samningsaðilanum ítarlegar upplýsingar um viðurkennda útflytjendur, s.s. nöfn, skráningarnúmer og samskiptaupplýsingar um þá og sýnisdæmi um stimplun, sem útflytjendurnir nota, áður en kemur til raunverulegs útflutnings á vörum þeirra. Breytingar á upplýsingunum hér að framan skal tilkynna án tafar til hins samningsaðilans.
4. Samningsaðili skal, fyrir 31. mars ár hvert, veita hinum samningsaðilanum upplýsingar um nafn og skráningarnúmer hvers viðurkennds útflytjanda ásamt tilsvarende raðnúmerum á öllum skýrslum vegna ívilnandi tollmeðferðar sem gefnar voru út árinu áður. Komi eitthvert misræmi í ljós vegna þessara upplýsinga skal samningsaðili upplýsa hinn samningsaðilann um þess háttar ósamræmi til frekari rannsóknar eða útskýringar af hálfu þess samningsaðila.

### 39. gr.

#### *Undanþága frá upprunavottorði eða upprunayfirlýsingu.*

1. Samningsaðili getur, í þeim tilgangi að veita fríðindameðferð samkvæmt þessum kafla, fallið frá kröfum um að sýna upprunavottorð eða upprunayfirlýsingu og veitt fríðindameðferð:

- a) vörusendingu upprunavara sem fara ekki yfir 600 bandaríkjadali að verðgildi eða samsvarandi fjárhæð í gjaldmiðli samningsaðila, eða
- b) annarra upprunavara eins og kveðið er á um í landslögum hans.

2. Þeim undanþágum sem kveðið er á um í 1. mgr. skal ekki beita þegar leitt er í ljós af hálfu tollyfirvalda samningsaðilans sem flytur inn, að innflutningurinn sé liður í raðtengdum innflutningi sem hægt er með rökum að telja að sé framkvæmdur eða skipulagður í þeim tilgangi að komast hjá því að leggja fram upprunavottorð eða upprunayfirlýsingu.

### 40. gr.

#### *Skyldur er varða innflutning.*

1. Innflytjandi sem fer fram á ívilnandi tollmeðferð fyrir vöru samkvæmt samningi þessum skal:

- a) að eigin frumkvæði lýsa því yfir skriflega í tollskýrslu að varan sé upprunavara,
- b) hafa undir höndum gilt upprunavottorð eða upprunayfirlýsingu á þeim tíma þegar innflutningstollskýrslan sem um getur í a-lið er útbúin, og
- c) leggja fram upprunalegt upprunavottorð eða upprunayfirlýsingu og önnur skrifleg gögn sem tengjast innflutningi vörunnar, óski tollyfirvöld samningsaðilans sem flytur inn þess.

### 41. gr.

#### *Endurgreiðsla innflutningstolla eða tryggingarfjár*

1. Sé vara flutt inn á yfirráðasvæði samningsaðila án þess að lagt sé fram upprunavottorð eða upprunayfirlýsing samkvæmt samningi þessum geta tollyfirvöld samningsaðilans sem er innflytjandi, eftir atvikum, lagt á gildandi toll án fríðindameðferðar, eða krafist greiðslu tryggingarfjár eða tryggingar sem jafngildir allri fjárhæð tollsins sem lagður er á þá vöru, að því tilskildu að innflytjandinn lýsi því formlega yfir við tollyfirvöld við innflutning að varan sem í hlut á sé upprunavara.

2. Innflytjandinn getur sótt um endurgreiðslu greidds umfram tolls eða tryggingarfjár, innan tímabils sem tiltekið er í löggiöf samningsaðilans sem er innflytjandi.

## 42. gr.

### *Varðveisla skjala.*

1. Hvor samningsaðili skal gera kröfu um að framleiðendur, útflytjendur og innflytjendur geymi í a.m.k. þrjú ár gögn sem sanna upprunaréttindi fyrir vörur auk gagna sem sanna að farið hafi verið að öðrum skilyrðum sem kveðið er á um í þessum kafla.
2. Hvor samningsaðili skal gera kröfu um að aðilar sem til þess eru bærir geymi afrit af upprunavottorðum og öðrum gögnum sem færa sönnur á uppruna í a.m.k. þrjú ár.

## 43. gr.

### *Sannprófun.*

1. Í þeim tilgangi að ganga úr skugga um að upprunavottorðið eða upprunayfirlýsingin séu ósvikin og áreiðanleg, upprunaréttindi fyrir viðkomandi vörur séu til staðar, eða um uppfyllingu annarra skilyrða sem mælt er fyrir um í þessum kafla, mega tollyfirvöld samningsaðilans sem flytur inn sannprófa uppruna með því að leggja fram beiðni til lögbærra stjórnvalda samningsaðilans sem er útflytjandi, eða með annarri málsmeðferð sem tollyfirvöldum samningsaðila er heimilt að koma sér saman um.
2. Tollyfirvöld samningsaðilans sem er innflytjandi, sem hafa lagt fram beiðni til lögbærra stjórnvalda samningsaðilans sem er útflytjandi um sannprófun, skulu tilgreina ástæður að baki beiðninni og útvega þau skjöl og upplýsingar sem réttlæta sannprófun.
3. Þar til bært yfirvald samningsaðilans sem er útflytjandi, sem fær beiðni um staðfestingu samkvæmt 1. mgr., skal bregðast við beiðninni innan sex mánaða frá viðtökudegi beiðninnar.
4. Ef ekki berst svar innan tímabilsins sem tilgreint er að ofan, eða ef svarið hefur ekki að geyma fullnægjandi upplýsingar til að ganga úr skugga um áreiðanleika gagnanna eða um upprunaréttindi fyrir umræddar vörur, geta tollyfirvöld hafnað því að beita ívilnandi tollmeðferð.

## 44. gr.

### *Höfnun ívilnandi tollmeðferðar.*

Nema kveðið sé á um annað í þessum kafla getur samningsaðilinn sem er innflytjandi hafnað kröfu um ívilnandi tollmeðferð ef:

- a) vörurnar uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fram í þessum kafla,
- b) innflytjandinn, útflytjandinn eða framleiðandinn fara ekki að þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessum kafla, eða
- c) upprunavottorðið eða upprunayfirlýsingin uppfyllir ekki þau skilyrði sem kveðið er á um í þessum kafla.

**45. gr.**

***Tengiliðir.***

Hvor samningsaðili skal tilnefna tengiliði til að tryggja árangursríka og skilvirka framkvæmd þessa kafla.

#### 4. KAFLI REGLUR UM TOLLMEÐFERÐ OG UM AÐ GREIÐA FYRIR VIÐSKIPTUM

##### 46. gr.

##### *Almennar meginreglur.*

1. Samningsaðilarnir viðurkenna það sameiginlega markmið að þjóna atvinnulífi eigin samfélags og skapa viðskiptaumhverfi sem gerir þeim kleift að nýta þau tækifæri sem samningur þessi veitir.
2. Samningsaðilarnir eru sammála um að eftirfarandi meginreglur séu m.a. undirstaða þróunar og stjórnunar af hálfu lögbærra stjórnvalda á ráðstöfunum til að greiða fyrir viðskiptum:
  - a) gagnsæi, skilvirkni, einföldun, samhæfing og samkvæmni viðskiptaaðferða,
  - b) notkun alþjóðlegra staðla,
  - c) samræmi við marghliða gerninga,
  - d) besta mögulega notkun upplýsingatækni,
  - e) mikil gæði opinberrar þjónustu í þágu atvinnulífs eiginviðskiptasamfélags,
  - f) eftirlit stjórnvalda byggt á reglum um áhættustjórnun,
  - g) samvinna hjá hverjum samningsaðila á meðal tollyfirvalda og landamærayfirvalda,
  - h) samráð við eigin viðskiptasamfélög, og
  - i) trygging þess að viðskiptaöryggis sé gætt og þess að greitt sé fyrir viðskiptum.

##### 47. gr.

##### *Samvinna.*

Samningsaðilarnir staðfesta skuldbindingu sína um að beita skilvirkum viðskiptaaðferðum sem miða að því að lækka kostnað og draga úr óþarfa töfum í viðskiptum þeirra á milli, jafnframt því sem þeir viðurkenna að þörf sé á að efla samvinnu á marghliða vettvangi og beita aðferðum sem er að finna í meiri háttar gerningum um að greiða fyrir viðskiptum sem báðir samningsaðilarnir hafa undirritað.

##### 48. gr.

##### *Gagnsæi.*

1. Hvor samningsaðili skal birta tafalaust á Netinu, á ensku eftir því sem unnt er, öll lög og reglugerðir sem hafa almennt gildi og varða vöruviðskipti milli samningsaðilanna.

2. Hvor samningsaðili skal stofna upplýsingamiðstöðvar, sem varða tollamál og önnur mál sem ákvæði þessa kafla taka til, sem unnt er að hafa samband við á Netinu, á ensku eftir því sem unnt er.
3. Samningsaðilarnir skulu hafa samráð við eigin viðskiptasamfélög um þarfir þeirra í tengslum við þróun og framkvæmd ráðstafana til að greiða fyrir viðskiptum, þar sem sérstök áhersla er lögð á hagsmuni lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
4. Hvor samningsaðili skal birta fyrirfram, einkum á Netinu, drög að lögum og reglugerðum, sem hafa almennt gildi og varða alþjóðaviðskipti, í því skyni að veita almenningi, einkum hagsmunaaðilum, tækifæri til að gera athugasemdir við þau.
5. Hvor samningsaðili skal sjá til þess að gert sé ráð fyrir hæfilegu hléi milli birtingar laga og reglugerða sem hafa almennt gildi og varða alþjóðavöruviðskipti og gildistöku þeirra.
6. Hvor samningsaðili skal starfa eftir öllum lögum sínum og reglugerðum og stjórnvaldsákvörðunum, sem varða alþjóðavöruviðskipti, með samræmdum, óhlutdrægum og sanngjörnum hætti.

#### **49. gr.**

##### ***Forúrskurðir.***

1. Samningsaðili skal gefa út, að fenginni skriflegri beiðni, með réttmætum hætti og með tímasetningu, bindandi og skriflegan forúrskurð, þar sem finna má allar nauðsynlegar upplýsingar, til handa innflytjanda, útflytjanda eða framleiðanda, sem hefur skráð sig hjá tollfyrirvöldum sínum eins og landslög kveða á um, fyrir þann dag sem innflutningur viðkomandi framleiðsluvöru á sér stað, að því er varðar:
  - a) tollflokkun framleiðsluvöru,
  - b) þær upprunareglur sem samningsaðili mun beita gagnvart framleiðsluvöru, og
  - c) önnur þau mál sem samningsaðilarnir kunna að verða sammála um.
2. Samningsaðili, sem hafnar því að gefa út forúrskurð, skal tilkynna það skriflega og án tafar og þeim innflytjanda, framleiðanda eða útflytjanda sem leggur fram beiðni og rökstyðja ákvörðun sína.
3. Hvor samningsaðili skal leggja svo fyrir að forúrskurðir taki gildi á útgáfudegi þeirra, eða annan dag sem tiltekinn er í úrskurðinum, að því tilskildu að þær staðreyndir eða aðstæður sem úrskurðurinn byggir á haldist óbreyttar.
4. Samningsaðili getur takmarkað gildi forúrskurða við tímabil sem innlend löggjöf segir fyrir um.
5. Hvor samningsaðili um sig skal leitast við að gera almenningi aðgengilegar upplýsingar um forúrskurði, sem hann telur varða aðra kaupsýsluaðila miklu, að teknu tilliti til þeirrar nauðsynjar að vernda trúnaðarupplýsingar.

## 50. gr.

### *Tollverðsákvörðun.*

Samningsaðilarnir skulu beita ákvæðum VII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og ákvæðum samningsins um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 um tollverðsákvörðun gagnvart vörum sem þeir versla með sín á milli.

## 51. gr.

### *Tollflokkun.*

Samningsaðilarnir skulu beita ákvæðum hins alþjóðlega samnings um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá gagnvart vörum sem þeir versla með sín á milli.

## 52. gr.

### *Einfölduð tollmeðferð.*

1. Tollmeðferð hvors samningsaðila skal vera einföld, sanngjörn, hlutlæg og óvilhöll.
2. Hvor samningsaðili skal samþykkja eða viðhalda einfaldaðri tollmeðferð til að leysa út vörur með skilvirkum hætti og greiða þannig fyrir viðskiptum milli samningsaðila.
3. Samningsaðilarnir skulu takmarka eftirlit, formsatriði og fjölda skjala, sem er krafist vegna viðskipta milli samningsaðila, við þau sem eru nauðsynleg og viðeigandi til þess að tryggja að lagakröfur séu virtar og einfalda þannig, að því marki sem frekast er unnt, þá málsmeðferð sem við á í hverju tilviki.
4. Hvor samningsaðili um sig skal, í samræmi við ákvæði 3. mgr., samþykkja eða viðhalda verklagsreglum sem:
  - a) kveða á um rafræna framlagningu og vinnslu upplýsinga fyrirfram, áður en þær vörur sem uppfylla þurfa tiltekin skilyrði eða kröfur koma til ákvörðunarstaðar, til að hraða tollafgreiðslu þeirra,
  - b) geta heimilað innflytjendum að fá vörur afhentar áður en öllum innflutningskröfum viðkomandi samningsaðila er fullnægt, ef innflytjandinn leggur fram fullnægjandi og virkar tryggingar og þar sem sú ákvörðun tekin að frekari könnun, efnisleg skoðun eða nokkur önnur athugun sé nauðsynleg. Samningsaðila er ekki skylt að afhenda vörur ef lögmætum innflutningskröfum hans hefur ekki verið fullnægt, og
  - c) kveða á um að trygging skuli felld niður án tafar þegar hennar er ekki lengur krafist.
5. Hvor samningsaðili skal byggja verklagsreglur sínar um vöruviðskipti og tengda þjónustu að því marki sem frekast er unnt á alþjóðlega samþykktum stöðlum, sem hvor aðili um sig beitir og miða að því að lækka kostnað og draga úr óþarfa töfum í viðskiptum þeirra á milli,



einkum stöðlum og starfsháttum sem Alþjóðatollastofnunin (WCO) mælir með, þ.m.t. meginreglur endurskoðaðrar gerðar alþjóðasamningsins um einföldun og samhæfingu tollmeðferðar (endurskoðaður Kýótó-samningur).

### **53. gr.**

#### ***Áhættustýring.***

1. Við tollefirlit skulu samningsaðilarnir nota áhættustýringu. Hvor samningsaðili skal ákvarða hvaða einstaklingar og hvaða vörur skuli rannsaka, þ.m.t. flutningatæki, og umfang rannsóknarinnar á grundvelli núverandi áhættumats. Samningsaðilarnir skulu samþykkja áætlun um eftirlit með eftirfylgni svo stuðla megi að áhættustýringu. Það skal ekki koma í veg fyrir að samningsaðilarnir annist gæðaeftirlit og kanni eftirfylgni, sem getur haft í för með sér víðtækari rannsóknir.

2. Við beitingu reglna um tollmeðferð skal hvor samningsaðili leggja áherslu á eftirlitsaðgerðir sem beinast að vörum sem fela í sér mikla áhættu og greiða fyrir tollafgreiðslu áhættulítilla vara.

3. Reglur hvors samningsaðila um tollmeðferð, þ.m.t. skoðun fylgiskjala, vöruskoðun eða rannsóknir í kjölfar endurskoðunar, skulu ekki vera meira íþyngjandi en þörf krefur til draga úr þeirri áhættu sem um getur í 2. mgr.

### **54. gr.**

#### ***Beiting upplýsingatækni.***

Samningsaðilarnir skulu beita upplýsingatækni til stuðnings tollstarfsemi ef það er hagkvæmt og skilvirkt, einkum þegar um er að ræða pappírslaus viðskipti, að teknu tilliti til þróunar á því sviði innan Alþjóðatollastofnunarinnar.

### **55. gr.**

#### ***Kerfi viðurkenndra rekstraraðila.***

Samningsaðili, sem beitir kerfi viðurkenndra rekstraraðila eða öryggisráðstöfunum, sem hafa áhrif á flæði í alþjóðaviðskiptum, skal:

- a) gefa hinum samningsaðilanum færi á að semja um gagnkvæma viðurkenningu og öryggisráðstafanir í því skyni að greiða fyrir alþjóðaviðskiptum jafnframt því að tryggja virkt tollefirlit, og
- b) nota viðeigandi alþjóðlega staðla, einkum staðlaramma Alþjóðatollastofnunarinnar,

## **56. gr.**

### ***Tímabundinn innflutningur.***

1. Hvor samningsaðili skal greiða fyrir tímabundnum innflutningi í samræmi við landslög og reglur hvors samningsaðila og alþjóðlega staðla sem þeir beita.
2. Að því er varðar þessa grein merkir „tímabundinn innflutningur“ reglur um tollmeðferð sem hafa í för með sér að tilteknar vörur eru undanþegnar greiðslu aðflutningsgjalda þegar þær eru fluttar inn á tollsvæði. Slíkar vörur skulu fluttar inn í sérstökum tilgangi og vera ætlaðar til endurútflutnings innan tiltekins tíma án nokkurra breytinga, að undanskildum eðlilegum afskriftum vegna notkunar þeirra.

## **57. gr.**

### ***Endurskoðun og málskot.***

Hvor samningsaðili skal tryggja að innflytjendur, útflytjendur og framleiðendur hafi rétt til óháðrar endurskoðunar á a.m.k. einu æðra stjórnáslustigi og málskoti til dómstóla í samræmi við landsrétt hvors samningsaðila.

## **58. gr.**

### ***Samstarf um landamærastofnun.***

Hvor samningsaðili skal tryggja samstarf og samræmi í málsmeðferð stjórnvalda sinna og stofnana, sem annast landamæragæslu og eftirlit með innflutningi og útflutningi, til að greiða fyrir viðskipum.

## **59. gr.**

### ***Þagnarskylda.***

Samningsaðilar skulu fara með allar upplýsingar, sem veittar eru í tengslum við innflutning, útflutning og í öðrum skyldum málum, sem trúnaðarmál og skal gilda um þær þagnarskylda í samræmi við landslög hvors samningsaðila um sig. Stjórnvöld samningsaðila skulu ekki veita þess háttar upplýsingar án skýlauss samþykkis þess aðila eða yfirvalds sem lætur þær í té.

## **60. gr.**

### ***Samráð.***

1. Hvor samningsaðili getur farið fram á samráð um málefni sem upp kunna að koma við beitingu eða framkvæmd þessa kafla. Slíkt samráð skal fara fram fyrir atbeina viðeigandi tengiliða sem samningsaðilarnir tilnefna. Hvor samningsaðili skal veita hinum upplýsingar um tengiliðina og skal tilkynna án tafar um hvers kyns breytingar á þeim upplýsingum.

2. Í því skyni að þróa enn frekar aðferðir til að greiða fyrir viðskiptum samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilarnir koma á og tilkynna hvor öðrum, eins og við á, tilgreina og leggja fyrir sameiginlegu fríverslunarnefndina sem komið var á fót skv. 10. kafla, frekari aðgerðir sem miða að því að greiða fyrir viðskiptum milli samningsaðila, þar á meðal eftirfarandi:

- a) almennar ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum,
- b) opinbert eftirlit,
- c) flutningar,
- d) kynning og notkun á stöðlum,
- e) notkun tölva og rafrænna gagnaskipta,
- f) tiltækileiki upplýsinga,
- g) almenn tollamál,
- h) tollmeðferð og önnur opinber málsmeðferð er varðar flutningatæki og flutningabúnað, þ.m.t. gámar,
- i) opinberar kröfur um innfluttar vörur,
- j) tollafgreiðsla útflutningsvara,
- k) uppruni vara,
- l) umferming vara,
- m) vörur í alþjóðlegum umflutningi,
- n) viðskiptahættir,
- o) forúrskurðir,
- p) tollmiðlarar,
- q) greiðsluskilmálar, og
- r) önnur þau mál sem samningsaðilarnir kunna að verða sammála um.

3. Sameiginlega fríverslunarnefndin mun endurskoða viðkomandi alþjóðleg framtaksverkefni um greiðari viðskipti til að finna svið þar sem frekari sameiginlegar aðgerðir gætu stuðlað að sameiginlegum markmiðum með þeim.

## 61. gr.

### *Skilgreiningar.*

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „tollyfirvöld“:
  - i. að því er varðar Kína, *General Administration of Customs, the People's Republic of China*, og
  - ii. að því er varðar Ísland, tollstjóraembættið, Íslandi.
- b) „tollalög“: ákvæði laga og reglna samningsaðila sem varða innflutning, útflutning, flutning eða geymslu vara, framkvæmd og framfylgd ákvæða laga og reglna sem heyra sérstaklega undir tolyfirvöld og hvers kyns reglur sem tolyfirvöld setja í krafti lögskipaðs valds síns,
- c) „reglur um tollmeðferð“: meðferð sem tolyfirvöld samningsaðila beita að því er varðar vörur og flutningatæki sem falla undir tollalög þess samningsaðila, og
- d) „flutningatæki“: ýmsar tegundir skipa, farartækja, loftfara og burðardýra sem koma inn á eða fara út af yfirráðasvæði samningsaðila með fólk og vörur.

## 5. KAFLI SAMKEPPNI

### 62. gr.

#### *Reglur um samkeppni.*

1. Samningsaðilarnir viðurkenna að samkeppnishamlandi viðskiptahættir kunni að hindra ávinning af samningi þessum. Slíkir viðskiptahættir samrýmast því ekki rétttri framkvæmd þessa samnings að svo miklu leyti sem það getur haft áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.
2. Samningur þessi gildi einnig um fyrirtæki sem njóta forréttinda og sérréttinda samkvæmt lögum. Slík beiting skal ekki hindra það að áðurnefnd fyrirtæki uppfylli lögbundin hlutverk sín.
3. Ekki skal túlka ákvæði þessa kafla með þeim hætti að kveðið sé um lagalega bindandi skyldur sem lagðar séu á fyrirtækin og einnig er gerður fyrirvari um sjálfstæði samkeppnisyfirvalda samningsaðilanna í samræmi við samkeppnislöggjöf hvors um sig.
4. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að beita samkeppnislögum sínum með það að markmiði að uppræta samkeppnishamlandi viðskiptahætti. Samvinna samningsaðilanna getur falið í sér upplýsingaskipti í samræmi við viðkomandi lög og reglugerðir samningsaðilanna, auk trúnaðarkvaða sem á þeim kunna að hvíla.
5. Samkeppnisyfirvöld samningsaðilanna skulu vinna saman og hafa samráð um málefni sem tengjast þessum kafla.
6. Leysa skal úr sérhverju deilumáli sem kann að rísa varðandi þennan kafla með samráði milli samningsaðilanna. Hvorugur samningsaðilanna getur nýtt sér úrræði til að leysa úr deilumálum samkvæmt þessum samningi að því er varðar málefni sem kunna að rísa í tengslum við þennan kafla.

## 6. KAFLI HUGVERKARÉTTINDI

### 63. gr.

#### *Almenn ákvæði.*

1. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi hugverkaréttinda í eflingu efnahagslegrar og félagslegrar þróunar, einkum í hinu nýja stafræna hagkerfi, tækninýsköpun og viðskiptum, auk mikilvægi þess að ná jafnvægi milli réttinda rétthafa og lögmætra hagsmuna notenda og samfélagsins að því er varðar verndað efni.
2. Í kafla þessum merkir hugtakið „hugverkaréttindi“ höfundarétt og skyld réttindi, réttindi til vörumerkja, landfræðilegar merkingar, iðnhönnun, einkaleyfi, trúnaðarupplýsingar, svæðislýsingar smárása, og yrkisrétti eins og þessi hugtök eru skilgreind í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (hér eftir nefndur TRIPS-samningurinn).
3. Hvor samningsaðili skal koma á fót og halda úti gagnsæju regluverki og kerfi til að vernda hugverkaréttindi sem:
  - a) veitir vissu um vernd og fullnustu réttinda gagnvart brotum, þ.m.t. eftirlíkingum og ólöglegri nýtingu,
  - b) dregur sem mest úr kostnaði fyrirtækja við reglufylgni, og
  - c) auðveldar alþjóðaviðskipti með miðlun hugmynda, tækni og skapandi verka.

### 64. gr.

#### *Alþjóðasamningar.*

1. Hvor samningsaðili áréttar skuldbindingar sínar samkvæmt TRIPS-samningnum sem er hér með felldur inn samning þennan og er hluti af honum. Samningsaðilarnir áréttu einnig skuldbindingar sínar sem settar eru fram í eftirfarandi marghliða samningum um hugverkaréttindi og báðir eru aðilar að:
  - a) Parísarsamþykktin frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttindi á sviði iðnaðar, með þeim breytingum sem gerðar voru með Stokkhólmsgerðinni árið 1967 (nefndur „Parísarsamþykktin“),
  - b) Bernarsamningurinn frá 9. september 1886 til verndar bókmenntum og listaverkum, með þeim breytingum sem gerðar voru með Parísargerðinni árið 1971 (nefndur „Bernarsamningurinn“),
  - c) Samstarfssamningurinn um einkaleyfi frá 19. júní 1970, með þeim breytingum sem gerðar voru með Washington-gerðinni árið 2001,
  - d) Búdapest-samningurinn frá 28. apríl 1977 um alþjóðlega viðurkenningu á innlagningu örvera til varðveislu vegna meðferðar einkaleyfamála,

- e) bókun frá 27. júní 1989 við Madrídarsamninginn um alþjóðlega skráningu merkja, og
- f) Nice-samningurinn frá 25. júní 1957 um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja, með þeim breytingum sem gerðar voru með Genfargerðinni árið 1979.

## **65. gr.**

### ***Samstarf og gagnkvæm miðlun upplýsinga.***

1. Samningsaðilarnir stefna að því að efla frekar samvinnu sína á sviði hugverkaréttinda almennt. Samningsaðilarnir geta unnið saman, m.a. á eftirfarandi sviðum, sem ekki eru tæmandi talin:

- a) skipti á upplýsingum, reynslu og skoðunum á málefnum sem varða báða aðila og tengjast hugverkaréttindum,
- b) skipti á upplýsingum varðandi vernd og fullnustu hugverkaréttinda,
- c) þjálfun starfsfólks og upplýsingakerfi um hugverkaréttindi,
- d) að stuðla að gagnkvæmum skilningi á stefnu samningsaðila, starfsemi og reynslu á sviði hugverkaréttinda,
- e) að stuðla að menntun og vitund fólks um hugverkaréttindi, og
- f) aðrar aðgerðir og frumkvæði sem samningsaðilarnir koma sér saman um.

2. Hvor samningsaðili skal tilnefna tengilið eða tengiliði innan 60 daga frá gildistöku samnings þessa til að auðvelda samskipti milli samningsaðilanna varðandi þau mál sem fjallað er um í þessum kafla og veita hinum samningsaðilanum upplýsingar um slíka tengiliði. Samningsaðilarnir skulu þegar í stað tilkynna hvor öðrum um allar breytingar á upplýsingum um tengiliði þeirra.

3. Tilnefndir tengiliðir skulu bera ábyrgð á upplýsingaskiptum samkvæmt 1. mgr.

## **66. gr.**

### ***Viðræður og endurskoðun.***

1. Samningsaðili getur hvenær sem er óskað eftir viðræðum við hinn samningsaðilann í því skyni að leita skjótra lausna, sem báðir aðilar geta sætt sig við, á hugverkaréttindamálum sem falla undir kafla þennan. Slíkar viðræður skulu fara fram milli þeirra tengiliða sem samningsaðilarnir hafa tilnefnt, nema samningsaðilar semji um annað, innan 60 daga frá móttöku beiðni um viðræður. Samningsaðili getur aðeins gripið til aðgerða samkvæmt 11. kafla í þeim tilvikum þar sem slíkar viðræður duga ekki til að leysa úr slíku máli.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur samningsaðili, eftir að slíkar viðræður hafa hafist og eftir að hinum aðilanum hefur verið tilkynnt um slíka ákvörðun, gripið til aðgerða samkvæmt 11. kafla, ef hann telur að viðræðurnar muni ekki duga til að leysa úr málinu.

3. Samningsaðilarnir samþykkja að endurskoða ákvæði þessa kafla óski einhver aðili eftir því við sameiginlegu fríverslunarnefndina, sem komið er á fót skv. 10. kafla, með fyrirvara um samkomulag beggja samningsaðila og sameiginlegu fríverslunarnefndarinnar, með það fyrir augum að bæta frekar umfang verndar og til að tryggja góða framkvæmd ákvæða þessa kafla.



## 7. KAFLI ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI

### 67. gr.

#### *Umfang og gildissvið.*

1. Samningur þessi á við um ráðstafanir af hálfu samningsaðilanna sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti sem ríkisstjórnir, svæðisbundin eða staðbundin stjórnvöld eða yfirvöld gera og einnig óopinberar stofnanir sem fara með vald í umboði ríkisstjórnar, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda eða yfirvalda.
2. Samningur þessi gildir ekki um:
  - a) þjónustu sem veitt er við beitingu opinbers valds innan yfirráðasvæðis hvors samningsaðila, eða
  - b) reglugerðir eða kröfur sem gilda um innkaup ríkisstofnana á þjónustu til eigin nota sem er ekki ætluð til endursölu í hagnaðarskyni eða til veitingar þjónustu í hagnaðarskyni.
3. Kafli þessi gildir ekki um ráðstafanir sem hafa áhrif á flugumferðarréttindi eða ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustu sem tengist beint nýtingu flugumferðarréttinda, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í 3. lið viðaukans við GATS-samninginn, um flutningaþjónustu í lofti.

### 68. gr.

#### *Innfelling ákvæða úr GATS-samningnum*

Þegar kveðið er á um það í þessum kafla að ákvæði úr GATS-samningnum skuli felld inn í þennan kafla og vera hluti af honum skal merking hugtaka í ákvæðum GATS-samningsins vera sú sem hér segir:

- a) „aðili“: „samningsaðili“, nema „meðal aðila“ sem skal merkja „meðal aðila Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar“,
- b) „skrár“: skrárnar sem um getur í 84. gr. og er að finna í VII. viðauka, og
- c) „sérstakar skuldbindingar“: sérstakar skuldbindingar í skránum sem um getur í 84. gr.

### 69. gr.

#### *Skilgreiningar.*

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. Eftirfarandi skilgreiningar í I. gr. GATS-samningsins eru hér með felldar inn í samning þennan og eru hluti hans:

- a) „þjónustuviðskipti“,
  - b) „þjónusta“,
  - c) „ráðstafanir samningsaðilanna“, og
  - d) „þjónusta sem stjórnvöld veita“.
2. „Þjónustuveitandi“: hver sá aðili sem veitir þjónustu.<sup>1</sup>
3. „Einstaklingur frá samningsaðila“: einstaklingur sem er ríkisborgari eða hefur fasta búsetu í landi samningsaðila samkvæmt viðkomandi landslögum.<sup>2</sup>
4. Eftirfarandi skilgreiningar í XXVIII. gr. GATS-samningsins eru hér með felldar inn í samning þennan og eru hluti af honum:
- a) „ráðstöfun“,
  - b) „veiting þjónustu“,
  - c) „ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti“,
  - d) „viðskiptanærvera“,
  - e) „svið“ þjónustu,
  - f) „þjónusta annars samningsaðila“,
  - g) „einstaklingur eða lögaðili sem hefur fengið einokunaraðstöðu til að veita þjónustu“,
  - h) „þjónustuneytandi“,
  - i) „aðili“,
  - j) „lögaðili“,
  - k) „lögaðili hins samningsaðilans“,
  - l) „í eigu“, „undir stjórn“ og „tengd“, og
  - m) „beinir skattar“.

---

<sup>1</sup> Ef þjónustan er ekki veitt beint af lögaðila heldur á grundvelli annars konar viðskiptanærveru, eins og útibúi eða umboðsskrifstofu, skal þjónustuveitandinn (þ.e.lögaðilinn) þó fá sömu meðferð vegna þessarar nærveru og þjónustuveitendur fá samkvæmt þessum kafla. Slík meðferð skal ná til þeirrar viðskiptanærveru sem þjónustan er veitt í gegnum, eða leitast er við að veita hana gegnum, og þarf ekki að ná til annarrar starfsemi þjónustuveitandans utan yfirráðasvæðisins þar sem þjónustan er veitt, eða leitast er við að veita hana.

<sup>2</sup> Þar til Kína setur landslög um meðferð erlendra einstaklinga sem hafa fasta búsetu skulu skyldur hvors samningsaðila að því er varðar fasta búsetu takmarkast við þær skyldur sem þeir hafa gengist undir samkvæmt GATS-samningnum.

**70. gr.**

***Markaðsaðgangur.***

Ákvæði XVI. gr. GATS-samningsins gilda um skuldbindingar um markaðsaðgang og eru þau hér með felld inn í samning þennan og eru hluti af honum.

**71. gr.**

***Innlend meðferð.***

Ákvæði XVII. gr. GATS-samningsins gilda um skuldbindingar um innlenda meðferð og eru þau hér með felld inn í samning þennan og eru hluti af honum.

**72. gr.**

***Viðbótarskuldbindingar.***

Ákvæði XVIII. gr. GATS-samningsins gilda um viðbótarskuldbindingar og eru þau hér með felld inn í samning þennan og eru hluti af honum.

**73. gr.**

***Innlendar reglur.***

Ákvæði VI. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar innlendar reglur, og eru þau hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.

#### **74. gr.**

##### ***Viðurkenning.***

1. Ef samningsaðili viðurkennir, með samningi eða fyrirkomulagi, menntun, fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða veitingu leyfis eða skírteinis, sem eru veitt á yferráðasvæði aðila sem á ekki hlut að samningnum, skal sá samningsaðili veita hinum samningsaðilanum fullnægjandi tækifæri til að semja um aðild að slíkum fyrirbyggjandi eða síðari samningi eða fyrirkomulagi, eða semja við hann um sambærilega samninga eða fyrirkomulag. Ef samningsaðili viðurkennir einhliða, skal hann veita hinum samningsaðilanum næg tækifæri til að sýna fram á að viðurkenna beri einnig menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini sem eru veitt á yferráðasvæði hins samningsaðilans.

2. Allir slíkir samningar eða fyrirkomulag eða eigin viðurkenning skal vera í samræmi við viðeigandi ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og þá einkum VII. gr. GATS-samningsins.

#### **75. gr.**

##### ***För einstaklinga.***

VIII. viðauki um för einstaklinga sem veita þjónustu er hluti af samningi þessum.

#### **76. gr.**

##### ***Einokun og þjónustuveitendur með einkarétt.***

Ákvæði 1., 2. og 5. mgr. VIII. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar einokun og þjónustuveitendur með einkarétt, og eru þau hér með felld inn í samning þennan og eru hluti af honum.

#### **77. gr.**

##### ***Viðskiptahættir.***

Ákvæði IX. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar viðskiptahætti, og eru þau hér með felld inn í samning þennan og eru hluti af honum.

#### **78. gr.**

##### ***Verndarráðstafanir.***

Samningsaðilarnir veita athygli marghliða viðræðum samkvæmt X gr. GATS-samningsins um verndarráðstafanir í neyðartilvikum sem byggjast á meginreglunni um bann við mismunun. Þegar slíkum marghliða viðræðum lýkur skulu samningsaðilarnir

láta endurskoðun fara fram í þeim tilgangi að ræða viðeigandi breytingar á samningi þessum, til þess að fella niðurstöður slíkra marghliða viðræðna inn í samning þennan.

#### **79. gr.**

##### ***Fjármálaþjónusta.***

Viðaukinn um fjármálaþjónustu í GATS-samningnum er hér með felldur inn í samning þennan og er hluti af honum.

#### **80. gr.**

##### ***Greiðslur og yfirfærslur.***

1. Að frátöldum þeim tilvikum sem tilgreind eru í 81. gr. skal aðili ekki setja takmarkanir á alþjóðlegar yfirfærslur og greiðslur í yfirstandandi viðskiptum er varða sérstakar skuldbindingar hans.
2. Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila sem á aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum samkvæmt samningsákvæðum sjóðsins, þ.m.t. ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við ákvæði hans, að því tilskildu að samningsaðili setji engar takmarkanir á fjármagnsviðskipti, sem ekki samrýmast sérstökum skuldbindingum hans að því er varðar slík viðskipti, nema skv. 81. gr. eða að beiðni sjóðsins.

#### **81. gr.**

##### ***Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.***

Ákvæði 1. og 3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð, og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

#### **82. gr.**

##### ***Undanþágur.***

Ákvæði XIV. gr. og 1. mgr. XIV. gr. a í GATS-samningnum gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar almennar undantekningar og undantekningar af öryggisástæðum, og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

### **83. gr.**

#### ***Styrkir.***

1. Samningsaðilarnir skulu endurskoða verklagsreglur um styrki sem tengjast þjónustuviðskiptum með hliðsjón af þeim verklagsreglum sem kveðið er á um í XV. gr. GATS-samningsins með það fyrir augum að fella þær inn í samning þennan.
2. Að beiðni samningsaðila, sem telur sig verða fyrir skaðlegum áhrifum af styrk sem hinn samningsaðilinn veitir, skulu samningsaðilarnir eiga með sér samráð um slík mál með það fyrir augum að komast að vinsamlegri lausn í málinu.

### **84. gr.**

#### ***Skrár um sérstakar skuldbindingar.***

1. Sérhver samningsaðili skal færa í skrá þær sérstöku skuldbindingar sem hann tekur á sig samkvæmt 70., 71. og 72. gr. Að því er varðar svið þar sem gengist hefur verið undir skuldbindingar, skal í hvorri skrá fyrir sig tilgreina:
  - a) sviðin þar sem gengist hefur verið undir slíkar skuldbindingar,
  - b) skilmála, takmarkanir og skilyrði fyrir markaðsaðgangi,
  - c) skilyrði og forsendur fyrir innlendri meðferð,
  - d) samþykkt varðandi viðbótarskuldbindingar, og
  - e) tímamörk fyrir framkvæmd slíkra skuldbindinga, ef við á.
2. Ráðstafanir, sem eru ósamrýmanlegar bæði 70. og 71. gr., skulu skráðar í báða dálkana sem eiga við 70. gr. Þá merkir skráningin einnig skilyrði eða forsendu sem á við 71. gr.
3. Skrár samningsaðilanna um sérstakar skuldbindingar í VII. viðauka eru óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

### **85. gr.**

#### ***Breytingar á skrá.***

1. Samningsaðili getur breytt eða afturkallað skuldbindingar í skrá sinni, hvenær sem er eftir að liðin eru þrjú ár frá gildistökudegi skuldbindingarinnar, að því tilskildu að:
  - a) hann tilkynni hinum samningsaðilanum um áform sín um að breyta eða afturkalla skuldbindingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir þann dag sem fyrirhugað er að breytingin komi til framkvæmda,
  - b) að hann hefji viðræður við hinn samningsaðilann í því skyni að komast að samkomulagi um nauðsynlegar bætur.

2. Þegar slíkar bætur eru fengnar skulu samningsaðilarnir leitast við að haga almennu stigi skuldbindinga á þann veg að þær séu hagstæðar þeim báðum og ekki óhagstæðari fyrir viðskipti en þær sem þegar var kveðið á um í skránum áður en samningaviðræðurnar hófust.

3. Ef samningsaðilinn sem breytir skuldbindingum sínum kemur fyrirhuguðum breytingum eða afturköllunum í framkvæmd og fer ekki að niðurstöðum gerðardómsins er hinum samningsaðilanum heimilt að breyta eða afturkalla jafngildan ávinning í samræmi við þessar niðurstöður.

#### **86. gr.**

##### *Gagnsæi.*

Ákvæði III. gr. GATS-samningsins eru felld inn í samning þennan og skulu vera óaðskiljanlegur hluti hans.

#### **87. gr.**

##### *Greint frá trúnaðarupplýsingum.*

Ákvæði III. gr. a GATS-samningsins eru felld inn í samning þennan og skulu vera óaðskiljanlegur hluti hans.

#### **88. gr.**

##### *Endurskoðun.*

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að endurskoða skrárnar um sérstakar skuldbindingar annað hvert ár með það að markmiði að auka frelsi í þjónustuviðskiptum sín á milli.

2. Geri samningsaðili samning við land sem ekki er samningsaðili samkvæmt V. gr. eða V. gr. a GATS-samningsins, skal hann að beiðni hins samningsaðilans veita honum tækifæri til að ræða þann möguleika að veita hinum samningsaðilanum meðferð, sem eigi er lakari meðferð en sú sem það veitir í tengslum við eins þjónustu og þjónustuveitendur aðila sem ekki er samningsaðili.

#### **89. gr.**

##### *Synjun um ávinning.*

Ákvæði XXVII. gr. GATS-samningsins eru felld inn í samning þennan og skulu vera óaðskiljanlegur hluti hans.

## **8. KAFLI FJÁRFESTINGAR**

### **90. gr.**

#### ***Markmið.***

Markmið þessa kafla skal vera að aðstoða samningsaðilana við að efla, innan marka þeirra eigin valdsviðs, aðlaðandi og stöðugt, gagnkvæmt fjárfestingaumhverfi.

### **91. gr.**

#### ***Upplýsingaskipti.***

Samningsaðilarnir skulu stuðla að því að koma á leiðum fyrir full upplýsingaskipti og auðvelda samskipti og upplýsingaskipti fyrir eftirfarandi þætti:

- a) um fjárfestingarstefnu og lög, auk efnahags-, verslunar- og viðskiptaupplýsinga,
- b) um könnun á kostum þess að koma á fót kerfi til að efla fjárfestingar, og
- c) um veitingu upplýsinga innanlands fyrir mögulega fjárfesta og samstarfsaðila í fjárfestingum.

### **92. gr.**

#### ***Tvíhliða samningur um fjárfestingar.***

Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi samnings aðilanna um að hvetja til fjárfestinga og veita þeim gagnkvæma vernd frá 31. mars 1994 í því skyni að skapa hagstæð skilyrði fyrir fjárfestingar milli samningsaðilanna og þar með þátt samningsins í að skapa fríverslunarsvæðið sem komið er á fót með samningi þessum.



## 9. KAFLI SAMVINNA

### 93. gr.

#### *Almenn markmið.*

1. Samningsaðilarnir skulu hafa með sér nána samvinnu með það fyrir augum m.a. að:
  - a) efla efnahagslega og félagslega þróun,
  - b) örva árangursríka samvirkni sem er til þess fallin að skapa ný tækifæri til viðskipta og fjárfestinga sem efla samkeppnishæfni og nýsköpun, og
  - c) auka og dýpka samstarf samningsaðilanna á sviðum þar sem aðilarnir hafa gagnkvæma hagsmuni.
2. Samningsaðilarnir áréttu mikilvægi allrar samvinnu sem leiðar til að uppfylla markmið samnings þessa.

### 94. gr.

#### *Efnahagssamvinna.*

Til þess að auka og efla viðskipti sín á milli og efnahagstengsl skulu samningsaðilarnir styðja og auðvelda, eins og við á:

- a) skoðanaskipti um stefnu og upplýsingaskipti og hugmyndir um leiðir til að efla og auka vöru- og þjónustuviðskipti milli samningsaðilanna,
- b) upplýsingaskipti um mikilvæg efnahags- og viðskiptamálefni og það sem stendur í vegi fyrir því að efla efnahagssamvinnu samningsaðilanna,
- c) veitingu aðstoðar og aðstöðu fyrir kaupskýslumenn og viðskiptasendinefndir sem heimsækja lönd hvor annars með vitund og stuðningi þar til bærra stofnana,
- d) þróun þeirra aðferða sem nú eru notaðar til að veita upplýsingar og greina möguleg tækifæri til viðskiptasamvinnu, vöruviðskipta og fjárfestinga, og
- e) opinberar aðgerðir eða aðgerðir einkageirans á sviðum sem hafa efnahagslega þýðingu.

## 95. gr.

### *Rannsóknir, vísindi og tækni.*

1. Samningsaðilarnir skulu, eftir því sem við á, á grundvelli gildandi samninga um samstarf á sviði rannsókna, vísinda og tækni, hvetja opinberar stofnanir, rannsóknarstofnanir, háskóla, einkafyrirtæki og önnur vísindasamtök í löndum sínum til að gera beinar ráðstafanir til stuðnings samstarfsaðgerðum, áætlunum og verkefnum innan ramma þessa samnings, einkum er varða verslun og viðskipti.
2. Samvinna á sviði rannsókna, vísinda og tækni skal einkum beinast að eftirfarandi sviðum:
  - a) jarðskjálftafræði, eldfjallafræði, jarðeðlisfræði, jarðskjálftaverkfræði og gagnráðstöfunum til að draga úr hættu af skjálftum,
  - b) haf- og heimskautafræði, eins og kveðið er á um í viljayfirlýsingu um samvinnu milli samningsaðilanna á sviði haffræði, heimskautafræði og tækni, sem var undirrituð 20. apríl 2012,
  - c) jarðhita og jarðvísindum, eins og kveðið er á um í viljayfirlýsingu milli samningsaðilanna um jarðhita- og jarðvísindasamstarf, sem var undirrituð 20. apríl 2012, og
  - d) menntun og rannsóknum á sviði heilbrigðismála.
3. Samningsaðilarnir munu stuðla að og auðvelda, eftir því sem við á, eftirfarandi starfsemi, þar með talið en ekki einvörðungu:
  - a) að greina leiðir, í samráði við háskóla og rannsóknarmiðstöðvar, til að efla sameiginlegt framhaldsnám á háskólastigi og rannsóknaheimsóknir,
  - b) skipti á vísindamönnum, rannsakendum og sérfræðingum um tækni, og
  - c) skipti á upplýsingum og gögnum.

## 96. gr.

### *Samvinna á sviði vinnu- og umhverfismála.*

1. Samningsaðilar skulu bæta samskipti og samvinnu á sviði vinnumála.
2. Samningsaðilar munu bæta samskipti og samvinnu enn frekar í samræmi við viljayfirlýsingu um samvinnu í umhverfisvernd milli umhverfisverndarstofnunar Alþýðulýðveldisins Kína og umhverfisráðuneytis Íslands.

## **97. gr.**

### ***Þróunarsamvinna.***

1. Samningsaðilar staðfesta markmið sitt um samvinnu við að efla efnahagslega og félagslega þróun Kína.
2. Samvinna sem um getur í 1. mgr. getur t.d. verið aðbúnaður, tækniástoð og möguleikar á þjálfun sem Ísland veitir Kína.
3. Samningsaðilarnir skulu á vettvangi sameiginlegu fríverslunarnefndarinnar sem komið er á fót skv. 10. kafla ræða mögulegar ráðstafanir til þess að ná markmiðinu sem sett er fram í 1. mgr. með því að skilgreina forgangsverkefni í þróunarsamvinnu og íhuga að ganga frá rammamningi um fyrirkomulag og málsmeðferð við samvinnu í framtíðinni.

## **98. gr.**

### ***Menntun.***

1. Samningsaðilarnir skulu stuðla að og auðvelda eftir því sem við á skipti milli skóla og annarra stofnana á sviði menntunar á öllum stigum.
2. Samvinna á sviði menntunar getur beinst að:
  - a) upplýsingaskiptum, kennslugögnum og kynningarefni,
  - b) gerð og framkvæmd sameiginlegra áætlana og gagnkvæmri samræmingu markvissrar starfsemi á sviðum sem samkomulag hefur náðst um,
  - c) þróun samstarfs á sviði þjálfunar, sameiginlegum rannsóknum og þróun innan grunn- og framhaldsnáms á háskólastigi,
  - d) skiptum á kennurum, stjórnendum, rannsakendum og nemendum í tengslum við áætlanir sem munu koma báðum aðilum til góða, og
  - e) að því að öðlast skilning á menntakerfi hvors samningsaðila, lögum og stefnu á sviði menntunar, þ.m.t. upplýsingar sem varða túlkun og mat á menntun og hæfi.

## **99. gr.**

### ***Opinber innkaup.***

1. Samningsaðilarnir eru sammála um mikilvægi samvinnu í því skyni að auka gagnkvæman skilning á lögum og reglum hvors um sig er lúta að opinberum innkaupum.
2. Samningsaðilarnir skulu birta lög sín eða með öðrum hætti gera lög sín, reglur og stjórnisýsluákvæðanir sem hafa almennt gildi aðgengilegar öllum.
3. Svo fljótt sem auðið er eftir að Kína leiðir til lykta með tilætluðum árangri viðræður sínar um aðild að fjölliða samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup, skulu samningsaðilarnir hafa samráð um hugsanlegar ráðstafanir í því skyni að gera samning um opinber innkaup sín á milli.
4. Samvinna á svið opinberra innkaupa er undanþegin 100. gr.

## **100. gr.**

### ***Samstarfsfyrirkomulag.***

1. Samningsaðilarnir munu koma á innlendum tengilið til að auðvelda samskipti vegna hugsanlegra samstarfsverkefna. Innlendi tengiliðurinn mun starfa með opinberum stofnunum, fulltrúum einkafyrirtækja og mennta- og rannsóknarstofnunum við framkvæmd þessa kafla.
2. Að því er varðar þennan kafla skal sameiginlega fríverslunarnefndin sem komið er á fót skv. 10. kafla gegna eftirfarandi hlutverkum sem samningsaðilarnir hafa komið sér saman um:
  - a) hafa umsjón með framkvæmd samstarfsrammans,
  - b) hvetja samningsaðilana til þess að framkvæma samstarfsverkefni innan samstarfsrammans, og
  - c) beina tilmælum um samstarfsverkefni samkvæmt þessum kafla í samræmi við markvissa forgangsröðun samningsaðilanna.

## **101. gr.**

### ***Lausn deilumála.***

Hvorugur samningsaðila skal nýta sér 11. kafla að því er varðar hvers kyns mál sem kunna að rísa vegna eða í tengslum við þennan kafla.

## 10. KAFLI STOFNANAÁKVÆÐI

### 102. gr.

#### *Stofnun sameiginlegu kínversk-íslensku fríverslunarnefndarinnar.*

Samningsaðilarnir koma hér með á fót sameiginlegri kínversk-íslenskri fríverslunarnefnd (sameiginlega fríverslunarnefndin) sem skal skipuð fulltrúum samningsaðila sem hér segir:

- a) úr viðskiptaráðuneytinu, af hálfu Kína, og
- b) úr utanríkisráðuneytinu, af hálfu Íslands.

### 103. gr.

#### *Umboð sameiginlegu fríverslunarnefndarinnar.*

1. Sameiginlega fríverslunarnefndin skal:

- a) hafa yfirumsjón með og endurskoða framkvæmd samnings þessa og túlka hann, eftir því sem við á,
- b) leitast við að koma í veg fyrir og leysa öll deilumál sem upp kunna að koma í tengslum við túlkun eða beitingu samnings þessa,
- c) hafa yfirumsjón með starfi allra vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt samningi þessum,
- d) taka til umfjöllunar hvert það málefni sem kann að hafa áhrif á framkvæmd samnings þessa, og
- e) koma á fót vinnuhópum ef þörf er á og samkvæmt samkomulagi milli samningsaðilanna.

2. Sameiginlega fríverslunarnefndin getur samið um breytingar á samningi þessum og viðaukum hans. Samþykki samningsaðila fyrir öllum breytingum er með fyrirvara um að lokið hafi verið við nauðsynlega málsmeðferð sem áskilin er samkvæmt lögum af hálfu þess samningsaðila.

3. Sameiginlega fríverslunarnefndin skal setja sér reglur og reglur um málsmeðferð.

4. Allar ákvarðanir sameiginlegu fríverslunarnefndarinnar skulu teknar með einróma samþykki.

## 104. gr.

### *Fundir sameiginlegu fríverslunarnefndarinnar.*

1. Sameiginlega fríverslunarnefndin skal koma saman á fyrsta fundi innan árs frá gildistöku samnings þessa og skal efnt til næstu funda með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en annað hvert ár, eða á annan hátt með gagnkvæmu samþykki beggja samningsaðila.
2. Komi upp sérstakar aðstæður og samningsaðili fer fram á það skulu samningsaðilarnir koma saman hvenær sem er að fengnu samþykki beggja samningsaðila.
3. Samningsaðilarnir skulu stýra fundum sameiginlegu fríverslunarnefndarinnar í sameiningu.

## 11. KAFLI LAUSN DEILUMÁLA

### 105. gr.

#### *Samvinna.*

Samningsaðilarnir skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um beitingu samnings þessa og gera sitt ítrasta, með samvinnu og samráði, til að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við í hverju því máli sem getur haft áhrif á framkvæmd hans, ef deilumál kemur upp.

### 106. gr.

#### *Gildissvið.*

Telji samningsaðili að hinn samningsaðilinn hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt samningnum gilda ákvæði þessa kafla um lausn deilumála, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

### 107. gr.

#### *Val á vettvangi.*

1. Komi upp deila á grundvelli samnings þessa eða annarra samninga, þ.m.t. annar fríverslunarsamningur sem báðir samningsaðilar eru aðilar að, eða samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, getur samningsaðili sem bar fram kvörtun valið vettvang til þess að leysa deiluna.
2. Hafi samningsaðili sem bar fram kvörtun óskað eftir gerðardómi samkvæmt öðrum samningum sem um getur í 1. mgr. skal vettvangur sá sem valinn er útiloka beitingu ákvæða um lausn deilumála samkvæmt samningi þessum.

### 108. gr.

#### *Samráð.*

1. Samningsaðilarnir skulu gera sitt ítrasta til að finna lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við í hverju deilumáli með samráði, samkvæmt þessari grein eða öðrum ákvæðum um samráð í samningi þessum.
2. Beiðni um viðræður skal lögð fram skriflega og skal skýra frá ástæðum fyrir beiðninni og meðal annars tilgreina þær ráðstafanir sem um ræðir og þann lagagrundvöll sem kvörtunin er byggð á. Samningsaðilinn sem ber kvörtun fram skal skila beiðninni til hins aðilans.
3. Ef beiðni um viðræður er lögð fram skal sá samningsaðili sem kvörtun beinist gegn svara innan 10 daga frá því að beiðni um viðræður barst og hefja viðræður í góðri trú innan frests, sem ekki má vera lengri en 30 dagar frá því að viðræðubeiðnin barst, með það að markmiði að finna lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við. Ef samningsaðili sem

kvörtun beinist gegn hefur ekki svarað innan þess 10 daga frests, sem fyrr er getið, eða hefur ekki viðræður innan fyrrnefndra 30 daga, er sammingsaðila sem bar fram kvörtun heimilt að halda áfram og óska eftir því að skipaður verði gerðardómur.

4. Viðræðurnar skulu fara fram í trúnaði og hafa þær engin áhrif á rétt sammingsaðila við frekari málsmeðferð.

#### **109. gr.**

##### ***Skipun gerðardóms.***

1. Ef ekki tekst að leysa málið með viðræðum, sem um getur í 108. gr., innan 60 daga frá því beiðni um viðræður barst er sammingsaðilanum sem bar fram kvörtun heimilt að óska eftir því skriflega að skipaður verði gerðardómur til þess að fjalla um málið.
2. Sammingsaðilinn sem bar fram kvörtun skal tilgreina í beiðninni þær ráðstafanir sem kvörtunin er út af, sem og þau ákvæði sammings þessa sem hann telur máli skipta og skila beiðninni til hins sammingsaðilans. Gerðardómur skal skipaður þegar slík beiðni berst.

#### **110. gr.**

##### ***Skipan gerðardóms.***

1. Gerðardómur skal skipaður þremur gerðarmönnum.
2. Sammingsaðilarnir skulu, innan 15 daga frá þeim degi er gerðardómur er skipaður, tilnefna einn gerðarmann hvor.
3. Sammingsaðilarnir skulu, innan 30 daga frá skipun gerðardómsins, koma sér saman um tilnefningu þriðja gerðardómsmannsins. Gerðardómsmaðurinn sem þannig er tilnefndur skal gegna formennsku í gerðardóminum.
4. Hafi einhver gerðardómsmanna ekki verið tilnefndur eða skipaður innan 30 daga frá skipun gerðardóms er þess vænst að aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, að beiðni annars hvors sammingsaðila, tilefni gerðardómsmann innan 30 daga til viðbótar.
5. Formaður gerðardóms skal ekki vera ríkisborgari annars hvors sammingsaðila, eða búsettur að jafnaði á landsvæði annars hvors sammingsaðila, eða vera, eða hafa verið starfsmaður annars hvors sammingsaðila, eða gegnt hlutverki í málinu með öðrum hætti.
6. Allir gerðardómsmenn skulu:
  - a) hafa sérþekkingu eða reynslu á sviði lögfræði, alþjóðaviðskipta, annarra málefna sem samningur þessi tekur til, eða lausnar deilumála sem rísa samkvæmt alþjóðlegum viðskiptasamningum,
  - b) einungis valdir á grundvelli hlutlægni, áreiðanleika og góðrar dómgreindar,



- c) vera óháðir og ekki hafa tengsl við eða taka við fyrirmælum frá samningsaðilunum, og
- d) og framfylgja háttænisreglum í samræmi við reglur sem settar eru af Alþjóðaviðskiptastofnuninni með skjali WT/DSB/RC/1.

7. Ef gerðardómsmaður sem skipaður er samkvæmt þessari grein hættir, eða honum reynist ekki unnt að gegna hlutverki sínu, skal annar gerðardómsmaður skipaður í hans stað innan 15 daga í samræmi við þá valaðferð sem lýst er vegna tilnefningar hins upphaflega gerðardómsmanns. Eftirmaðurinn skal hafa sama vald og sömu og skyldur og upphaflegi gerðardómsmaðurinn. Störfum gerðardómsins skal frestað á meðan skipun nýs gerðardómsmanns stendur yfir.

## **111. gr.**

### ***Störf gerðardóms.***

1. Hlutverk gerðardóms er að leggja hlutlægt mat á það deilumál sem hann hefur til umfjöllunar, meðal annars með skoðun á staðreyndum málsins og hvort þær séu í samræmi við ákvæði samningsins og hvort ákvarðanir hans eigi við.
2. Álykti gerðardómur að ráðstöfun brjóti í bága við samning þennan skal hún gefa út tilmæli þess efnis að gagnaðilinn skuli færa ráðstöfunina til samræmis við samninginn.
3. Gerðardómurinn getur í niðurstöðum sínum og tilmælum hvorki aukið né dregið úr réttindum og skyldum sem kveðið er á um í samningi þessum.
4. Gerðardómurinn skal úrskurða á grundvelli ákvæða samnings þessa, sem skulu túlkuð í samræmi við hefðbundnar reglur um túlkun þjóðaréttar.

## **112. gr.**

### ***Starfsreglur gerðardóms.***

1. Málsmeðferð í gerðardómi skal fara fram í samræmi við þennan kafla og starfsreglur gerðardóms sem settar eru fram í IX. viðauka, nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað.
2. Að því er varðar málsmeðferð í gerðardómi skal meðferð málsins tryggja að:
  - a) samningsaðilarnir eigi rétt á munnlegum málflutningi fyrir gerðardómi að minnsta kosti einu sinni og fái jafnframt tækifæri til að leggja fram skrifleg gögn og gagnrök,
  - b) samningsaðilarnir séu boðaðir í hvert sinn sem munnlegur málflutningur fer fram fyrir gerðardómi,
  - c) samningsaðilarnir hafi aðgang að öllum gögnum og athugasemdum sem eru lögð fyrir gerðardóm með fyrirvara um kröfur um þagnarskyldu, og

- d) málflutningur, umræður og öll skrifleg gögn sem eru lögð fyrir gerðardóm og samskipti við hann séu bundin trúnaði.

3. Starfsskilmálar gerðardóms eru sem hér segir, nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað innan 20 daga frá dagsetningu beiðni um skipun gerðardóms:

„Að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða samnings þessa, það mál sem um getur í beiðninni um skipun gerðardóms samkvæmt 109. gr. og komast að rökstuddri niðurstöðu, á grundvelli laga og staðreynda, og gefa út tilmæli, ef við á, um lausn deilunnar.“

4. Ákvarðanir gerðardóms skulu teknar með einróma samþykki. Náist ekki einróma samþykki innan gerðardóms getur hann tekið ákvörðun með meirihluta atkvæða. Gerðardómsmönnum er heimilt að skila séráliti um málefni sem ekki náðist einróma samþykki um. Álit einstakra gerðardómsmanna skal birt nafnlaust í skýrslu gerðardóms.

5. Gerðardómi er heimilt, að beiðni annars hvors samningsaðila eða að eigin frumkvæði, að leita til sérfræðinga um vísindalegar upplýsingar og tæknilega ráðgjöf eftir því sem hann telur við eiga.

6. Samningsaðilarnir skulu skipta jafnt með sér kostnaði vegna þóknunar gerðardómsmanna og öðrum kostnaði vegna gerðardóms.

### **113. gr.**

#### ***Afturköllun kvörtunar.***

Samningsaðila sem ber fram kvörtun er hvenær sem er heimilt að draga kvörtun sína til baka áður en frumskýrsla er gefin út. Slík afturköllun hefur þó ekki áhrif á rétt hans til að leggja síðar fram nýja kvörtun vegna sama efnis.

### **114. gr.**

#### ***Málsmeðferð frestað eða hætt.***

1. Samningsaðilarnir geta hvenær sem er komið sér saman um að gerðardómur geri hlé á störfum sínum, þó ekki lengur en í 12 mánuði frá þeim degi er slíkt samkomulag er gert. Hafi hlé á störfum gerðardóms varað lengur en í 12 mánuði fellur heimildin um skipun nefndarinnar úr gildi nema samningsaðilarnir verði ásáttir um annað.

2. Samningsaðilunum er heimilt að gera samkomulag um að málsmeðferð gerðardóms verði hætt.

### **115. gr.**

#### ***Frumskýrsla.***

1. Gerðardómur skal afhenda samningsaðilunum frumskýrslu innan 90 daga frá þeim degi er hann var skipaður.

2. Gerðardómur skal byggja skýrslu sína á viðeigandi ákvæðum samnings þessa og málgögnum og röksemdum samningsaðilanna.
3. Hvorum samningsaðila er heimilt að leggja fyrir gerðardóm skriflegar athugasemdir um frumskýrsluna innan 14 daga frá framlagningu hennar.
4. Í slíku tilviki og eftir umfjöllun um skriflegu athugasemdirnar er gerðardóminum heimilt, að eigin frumkvæði eða beiðni samningsaðila, að:
  - a) leita eftir áliti hvors samningsaðila sem er,
  - b) endurskoða skýrslu sína og/eða
  - c) láta fara fram hvers kyns frekari athugun, ef hann telur slíkt nauðsynlegt.

#### **116. gr.**

##### ***Lokaskýrsla.***

1. Gerðardómurinn skal afhenda samningsaðilunum lokaskýrslu, þar sem fjallað er um þau málefni sem um getur í 2. mgr. 115. gr., þ.m.t. sérálit um málefni sem voru ekki afgreidd með einróma samþykki, innan 45 daga frá framlagningu frumskýrslunnar.
2. Lokaskýrslan skal birt 15 dögum eftir að hún er afhent samningsaðilunum, nema þeir ákveði annað.

#### **117. gr.**

##### ***Framfylgd skýrslu gerðardóms.***

1. Komist gerðardómur að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni að samningsaðili hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum skal lausn deilumálsins miða að því að uppræta ósamræmi við samningsskyldur þegar þess er kostur.
2. Náist ekki samkomulag um bætur eða aðra lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við skulu samningsaðilarnir koma í framkvæmd þeim tilmælum sem er að finna í skýrslu gerðardómsins.
3. Samningsaðilarnir skulu hrinda í framkvæmd tilmælum þeim sem er að finna í skýrslu gerðardómsins innan hæfilegs frests, ef ekki reynist unnt að fara að þeim strax.

#### **118. gr.**

##### ***Hæfilegur frestur.***

1. Hæfilegur frestur sem um getur í 3. mgr. 117. gr. skal ákvarðaður af báðum samningsaðilum. Komist samningsaðilarnir ekki að samkomulagi um hæfilegan frest innan 45 daga frá því að skýrsla gerðardómsins kom út, getur hvor samningsaðili vísað

málinu til hins upprunalega gerðardóms, sem ákvarðar hæfilegan frest að loknum viðræðum við samningsaðilana.

2. Gerðardómurinn skal skila ákvörðun um hæfilegan frest til samningsaðilanna innan 60 daga frá því að málinu var vísað til gerðardómsins. Telji gerðardómurinn að hann geti ekki tekið ákvörðun innan þessa frests skal hann greina samningsaðilunum skriflega frá ástæðum fyrir töfinni og áætla innan hvaða tímamarka hann muni leggja ákvörðun sína fram. Töf skal ekki vara lengur en 30 daga til viðbótar nema samningsaðilarnir semji um annað.

## 119. gr.

### *Endurskoðun á samræmi framkvæmdarráðstafana.*

1. Ef uppi er ágreiningur um hvort fyrir hendi séu ráðstafanir gerðar innan hæfilegs frests til samræmis við tilmæli gerðardóms, eða hvort þær séu í samræmi við samning þennan, skal slíku deilumáli vísað til málsmeðferðar í gerðardómi, eftir því sem verður við komið með því að leita til upphaflega gerðardómsins.

2. Gerðardómurinn skal skila skýrslu sinni til samningsaðilanna innan 60 daga frá því að málinu var vísað til gerðardómsins.

## 120. gr.

### *Frestun ívilnana og skuldbindinga.*

1. Ef gerðardómur kemst að þeirri niðurstöðu að samningsaðili sem kvörtun beinist gegn láti hjá líða að færa ráðstöfun sem úrskurðuð hefur verið ósamrýmanleg samningi þessum til samræmis við tilmæli gerðardómsins innan hæfilegs frests, eða samningsaðili sem kvörtun beinist gegn lætur í ljós skriflega að hann muni ekki hrinda tilmælunum í framkvæmd, og samningsaðilarnir komast ekki að samkomulagi um bætur, er samningsaðilanum sem bar fram kvörtun heimilt að fresta ívilnunum eða öðrum skuldbindingum með samsvarandi áhrifum á gagnaðilann.

2. Við mat á því hvaða ívilnunum og skuldbindingum skuli frestað skv. 1. mgr.:

- a) ber honum fyrst að leita eftir frestun ívilnana eða skuldbindinga á sama sviði eða sviðum og þeim sem gerðardómur hefur ákvarðað að séu ósamrýmanleg þeim skyldum sem leiða af samningi þessum, og
- b) ef samningsaðili sem bar fram kvörtun telur að ekki sé gerlegt eða vænlegt til árangurs að fresta ívilnunum eða skuldbindingum á sama sviði eða sviðum getur hann farið fram á frestun ívilnana eða skuldbindinga á öðrum sviðum. Í tilkynningu um slíka ákvörðun af hálfu samningsaðila sem bar fram kvörtun skal hann upplýsa um ástæðurnar sem liggja að baki ákvörðuninni.

3. Samningsaðilanum sem bar fram kvörtun ber að tilkynna gagnaðilanum um frestun ívilnana og skuldbindinga með 30 daga fyrirvara.

4. Upphaflegur gerðardómur skal að fenginni skriflegri beiðni viðkomandi samningsaðila ákvarða hvort umfang ívilnana og skuldbindinga, sem samningsaðili sem bar fram kvörtun hyggst fresta, sé of mikið skv. 2. mgr. Ef ekki reynist unnt að skipa gerðardóm með upphaflegum gerðardómsmönnum skal beita málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 110. gr.

5. Gerðardómurinn skal leggja fram ákvörðun sína innan 60 daga frá því að beiðnin var gerð skv. 4. mgr. eða, ef ekki reynist unnt að skipa gerðardóm með upphaflegum gerðardómendum, frá þeim degi þegar síðasti gerðardómandinn var valinn. Úrskurður gerðardómsins skal vera endanlegur. Hann skal afhentur samningsaðilunum og gerður opinber, nema samningsaðilarnir ákveði annað.

6. Samningsaðili sem bar fram kvörtun skal ekki fresta ívilnunum og skuldbindingum fyrir en skilyrði 1. mgr. hafa verið uppfyllt.

7. Frestun ávinnings skal vera tímabundin ráðstöfun sem samningsaðili sem bar fram kvörtun beitir einungis þar til ráðstöfunin, sem brýtur í bága við samning þennan, hefur verið færð til samræmis við samninginn, eða samningsaðilar hafa komist að samkomulagi um lausn deilumálsins.

#### **121. gr.**

##### *Að frestun lokinni.*

1. Telji gagnaðilinn, með fyrirvara um málsmeðferðina í 120. gr., að hann hafi upprætt þær vanefndir samningsins sem gerðardómurinn taldi vera fyrir hendi, er honum heimilt að senda samningsaðila sem bar fram kvörtun skriflega tilkynningu með lýsingu á því með hvaða hætti vanefnd samnings hafi verið upprætt. Sé samningsaðilinn sem bar fram kvörtun ekki á sama máli er honum heimilt að vísa málinu til hins upphaflega gerðardóms innan 60 daga frá því að slíkri tilkynningu var veitt viðtaka. Að öðrum kosti skal samningsaðilinn sem bar fram kvörtun þegar í stað hætta frestun á ívilnunum og skyldum.

2. Gerðardómurinn skal birta skýrslu innan 60 daga frá því að málinu var vísað til hans. Sé það niðurstaða gerðardómsins að gagnaðilinn hafi upprætt orsök vanefndar samnings skal samningsaðilinn sem bar fram kvörtun þegar í stað hætta frestun á ívilnunum og skuldbindingum.

#### **122. gr.**

##### *Einkaréttur.*

Hvorugum samningsaðila er heimilt að kveða á í löggjöf sinni um heimildir til þess að leita réttar síns á grundvelli þess að ráðstöfun hins samningsaðilans sé í ósamræmi við samning þennan.

## 12. KAFLI LOKAÁKVÆÐI

### 123. gr.

#### *Gagnsæi.*

1. Hvor samningsaðili skal tryggja að lög hans, reglur og stjórnsluákvarðanir, sem hafa almennt gildi að því er varðar atriði sem falla undir samning þennan, eða kunna að hafa áhrif á framkvæmd samnings þessa, skulu birtar þegar í stað eða gerðar aðgengilegar á annan hátt.
2. Samningsaðili skal, fari hinn samningsaðilinn fram á það og að því marki sem unnt er, veita upplýsingar og svara tilteknum spurningum um málefni sem um getur í 1. mgr.
3. Litið er svo á að upplýsingarnar, sem um getur samkvæmt þessari grein, hafi verið veittar þegar Alþjóðaviðskiptastofnuninni hefur verið tilkynnt um þær, eða þegar þær hafa verið birtar á opinberri gjaldfrjálsri vefsíðu hlutaðeigandi samningsaðila.

### 124. gr.

#### *Trúnaðarupplýsingar.*

Ekkert í samningi þessum skal leggja þær skyldur á herðar samningsaðila að hann láti af hendi trúnaðarupplýsingar, ef slíkt hindraði framkvæmd laga eða bryti á annan hátt í bága við hagsmuni almennings, eða skaðaði lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja, í eigu hins opinbera eða einkaeign.

### 125. gr.

#### *Viðaukar.*

Viðaukar við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans.

### 126. gr.

#### *Breytingar.*

1. Samningsaðilum er heimilt að koma sér saman um breytingar á samningi þessum. Hvor samningsaðili skal tilkynna hinum samningsaðilanum skriflega þegar lokið er við nauðsynlega lagalega málsmeðferð um gildistöku samnings þessa. Slíkar breytingar skulu öðlast gildi 60 dögum eftir daginn sem síðari tilkynningin er lögð fram, eða innan annars tímafrests sem samningsaðilarnir kunna að koma sér saman um.
2. Þegar breyting hefur verið samþykkt og öðlast gildi skv. 1. mgr. telst hún óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

## 127. gr.

### *Breyting á Marakess-samningi um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.*

Sé einhverju ákvæði sem samningsaðilarnir hafa fellt inn í samning þennan breytt, skulu samningsaðilarnir, að beiðni annars hvors samningsaðilans, efna til viðræðna um hvort breyta skuli samningi þessum til samræmis við það.

## 128. gr.

### *Gildistaka og uppsögn.*

1. Hvor samningsaðili skal tilkynna hinum samningsaðilanum skriflega þegar lokið er við nauðsynlega lagalega málsmeðferð um gildistöku samnings þessa. Samningur þessi skal öðlast gildi 60 dögum eftir daginn sem síðari tilkynningin er lögð fram, eða innan annars tímafrests sem samningsaðilarnir kunna að koma sér saman um.
2. Báðum samningsaðilum er heimilt að segja samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til hins samningsaðilans. Samningur þessi fellur úr gildi 180 dögum eftir þann dag er slíkri tilkynningu er veitt viðtaka.

## 129. gr.

### *Gildir textar.*

Samningur þessi er gerður í tvíriti á íslensku, kínversku og ensku. Allir þrír textar samnings þessa eru jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í Beijing, 15. apríl 2013.

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
Alþýðulýðveldisins Kína

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

.....  
GAO HUCHENG  
viðskiptaráðherra

.....  
ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON  
utanríkisráðherra